



Borgarhólsskóli

## Ársskýrsla



**2014-2015**

*Leggðu þig fram, það er lífsins boð.*

*Lítill að náminu er þér stoð  
ef kappið ei hugann hvetur.*

*Hvort há eða lág þín einkunn er  
alltaf er prófið til sæmdar þér  
ef þú gerir eins vel og þú getur.*

SB



## Efnisyfirlit

Formáli .....	5
Hagnýtar upplýsingar .....	6
Stjórnskipulag .....	6
Starfsmenn .....	6
Fjárhagsáætlun .....	7
Nefndir, ráð og teymi .....	8
Nemendafjöldi.....	10
Skipting skólaársins og námsmat .....	10
Nemendastundir .....	11
Skýrslur umsjónarkennara.....	11
1. bekkur.....	11
2. bekkur.....	12
3. bekkur.....	13
4. bekkur.....	13
5. bekkur.....	14
6. bekkur.....	14
7. bekkur.....	15
Unglingastig .....	15
Sameiginlegir þættir .....	15
8. bekkur.....	16
9. bekkur.....	18
10. bekkur.....	18
Skýrslur sérgreina .....	20
Danska.....	20
Enska .....	21
Íslenska.....	23
Náttúrufræði .....	26
Stærðfræði .....	29
Heimilisfræði .....	30



Smíðar .....	31
Textílmennt .....	31
Myndmennt .....	31
Íþróttir .....	32
Sund .....	33
Val .....	33
Skýrsla deildarstjóra sérkennslu .....	35
Aðrar skýrslur .....	35
Bókasafn .....	35
Námsráðgjöf .....	36
Heilsugæsla .....	37
Mötuneyti .....	37
Próunarverkefni .....	37
Teymiskennsla vor 2015 .....	37
Áhugasviðsverkefni .....	37
Byrjendalæsi .....	38
Heilsueflandi skóli .....	38
Jákvæður agi .....	38
Yndislestur .....	38
Sameiginlegir atburðadagar .....	38
Vor námsmat .....	41
Samstarf skólans við aðrar stofnanir .....	41
Grænuvellir .....	41
Tónlistarskóli Húsavíkur .....	41
Náttúrufræðistofa Norðausturlands .....	43
Grunnskólinn á Raufarhöfn .....	44
Reykjahlíðarskóli .....	44
Náttúruskólinn/Hvalasafnið .....	44
Aðrir samstarfsaðilar .....	44
Húsnæði, skólalóð og búnaður .....	44
Viðhalds og framkvæmdalisti .....	45
Viðhald innanhúss: .....	45
Viðhald utandyra .....	45
Framkvæmdir og/eða fjárfestingar .....	46



---

Áfangaskýrsla.....	47
Markmið.....	48
Umbótaáætlun .....	48
Gæðagreinar .....	50
Starfsmannasamtöl .....	52
Samræmd próf.....	52
Skólapúlsinn.....	52
Viðaukar .....	53



## Formáli

Ársskýrsla Borgarhólsskóla kemur nú út í fjórða sinn. Markmið með útgáfu skýrslunnar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem fer fram í skólanum, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu. Nýbreytni og þróun eru mikilvægir þættir í skólastarfi í bland við hefðirnar og undanfarið ár höfum við einbeitt okkur að aukinni fagmennsku kennara, eins og lesa má nánar um í sérstökum köflum þessarar skýrslu. Skýrslan mun nýtast sem góð heimild um skólastarfið í heild sinni frá ári til árs.

Við þökkum samfélaginu öllu fyrir skilning og metnað fyrir hönd Borgarhólsskóla og vonumst eftir áframhaldandi stuðningi við metnaðarfullt og blómlegt skólastarf.

Að gerð skýrslunnar koma að þessu sinni: skólastjóri, deildarstjórar og kennarar. Skýrslan verður aðgengileg á vefsíðu skólans.

Húsavík 23. júní 2015

Þórgunnur Reykjalín Vigfúsdóttir  
skólastjóri



## Hagnýtar upplýsingar

### Stjórnskipulag

Við skólann er skólastjóri og þrjár deildarstjórar.

Þórgunnur R. Vigfúsdóttir skólastjóri

Anna Birna Einarsdóttir deildarstjóri og staðgengill skólastjóra, 74% staða deildarstjóra.

Jón Höskuldsson deildarstjóri, 50% staða deildarstjóra.

Hanna Ásgeirsdóttir deildarstjóri sérkennslu, 74% staða deildarstjóra.

### Starfsmenn

Aðalheiður Tryggvadóttir	Skólaliði
Anna Harðardóttir	Námsráðgjafi
Anna Margrét Gunnarsdóttir	Þroskaþjálfari
Anna Snæbjörnsdóttir	Umsjónarkennari 1
Arna Þórarinsdóttir	stuðningsfulltrúi
Árni Pétur Aðalsteinsson	Skólaliði
Árný Björnsdóttir	Grunnskólakennari
Áslaug Guðmundsdóttir	Grunnskólakennari
Berglind Pétursdóttir	Ritari
Birgir Steingrímsson	Grunnskólakennari
Björgvin Friðbjarnarson	Umsjónarkennari 1
Brynhildur Gísladóttir	Skólahjúkrunarfræðingur
Einar Sölvi Friðbergsson	Húsvörður
Elín Pálmadóttir	Umsjónarkennari 1
Elísa Rún Jónsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Erla Kristín Hreinsdóttir	Mötuneyti
Guðrún Friðriksdóttir	Stuðningsfulltrúi
Guðrún Kristinsdóttir	Umsjónarkennari 1
Halla Rún Tryggvadóttir	Umsjónarkennari 1
Harpa Ásgeirsdóttir	Umsjónarkennari 1
Harpa G. Aðalbjörnsdóttir	Grunnskólakennari
Heiða Guðmundsdóttir	Umsjónarkennari 1
Helga Sigurbjörg Gunnarsdóttir	Umsjónarkennari 1
Helga Þuríður Árnadóttir	Stuðningsfulltrúi
Hjálmar Bogi Hafliðason	Umsjónarkennari 1
Hjördís Gústavsdóttir	Matráður
Inga Maren Sveinbjörnsdóttir	Skólaliði/Stuðningsfulltrúi
Ingólfur Jónsson	Framhaldsskólakennari
Iris Myriam Waitz	Iðjuþjálfari
Jakobína Gunnarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Jóhanna Másdóttir	Mötuneyti
Jóhanna Guðjónsdóttir	Umsjónarkennari 1
Jón Höskuldsson	Deildarstjóri
Jóna Kristín Gunnarsdóttir	Grunnskólakennari



Karin Gerhartl	Grunnskólakennari
Karólína Skarphéðinsdóttir	Umsjónarkennari 1
Kolbrún Ada Gunnarsdóttir	Umsjónarkennari 1
Kristjana Ketilsdóttir	Skólaliði
Kristjana Ríkey Magnúsdóttir	Umsjónarkennari 1
Magnea Dröfn Arnardóttir	Skólaliði
Magnús P. Magnússon	Bókasafn
Margrét Magnúsdóttir	Umsjónarkennari 1
Marzenna Katarzyna Cybulska	Iðjuþjálfari
Pálmi Björn Jakobsson	Umsjónarkennari 1
Sigríður Hörn Lárusdóttir	Matráður
Sigríður K. Sigvaldadóttir	Skólaliði
Sigurveig Rakel Matthíasdóttir	Skólaliði
Sóley Sigurðardóttir	Umsjónarkennari 1
Sólveig Jónsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Guðrún Margrét	Sérkennari
Sædís Rán Ægisdóttir	Skólaliði
Unnar Þór Garðarsson	Grunnskólakennari
Unnur Sigurðardóttir	Umsjónarkennari 1
Póra Þorvaldsdóttir	Grunnskólakennari
Þórgunnur R. Vigfúsdóttir	Skólastjóri
Birna Björnsdóttir	Afleysing í lengri forföllum
Björg Jónsdóttir	Afleysing/sund

Stöðugildi til kennslu voru 34,7.

1 húsvörður 1,0 stöðugildi

8 skólaliðar 6,6 stöðugildi

1 námsráðgjafi 0,8 stöðugildi

2 þroskaþjálfar í 2 stöðugildum

2 iðjuþjálfar 1,8 stöðugildum

7 stuðningsfulltrúar 6,5 stöðugildi

Skammtímaforföll

Veik.	Veik barna.	Leyfi á l.	Leyfi án l.	orlof	Alls
346,75st.44d.	245,75st.3d.	209,5st.43d.	84,25st.17d.	0st.1d.	886,25st.108d.

Forföll/leyfi geta þó verið meiri en hér sést. En það tíðkast víða sem leið til sparnaðar að kennarar semji við aðra kennara um vinnuskipti með vitund og samþykki skólastjóra.

Að auki voru lengri forföll þ.e starfsmenn voru frá í lengri tíma sem krafðist þá utanaðkomandi afleysingar.

### Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun skóla nær frá janúar til desember og er þess vegna alltaf á tveimur skólaárum í raun. Síðasta fjárhagsár skilaði afgangi miðað við áætlun upp á rúmar 6 milljónir sem er í raun



afrakstur mikillar hagræðingar og uppsagna. Í júní 2015 er samkvæmt upplýsingum á Gónhóli búið að ráðstafa um 46% heildarfjárhæðinnar sem er fremur hátt hlutfall.

## Nefndir, ráð og teymi

### Veðurráð

Hlutverk ráðsins er að meta aðstæður og opna skóla snemma dags þegar eitthvað er að veðri. Ef skóla er aflýst skal veðurráð mæta til að taka á móti þeim börnum sem mögulega koma.

Í ráðinu sátu: Pálmi, Halla Rún, Anna Snæ og Einar.

Tveir dagar voru í vetur þar sem veður var mjög slæmt og fá börn mættu í skólann.

### Öryggisráð

Þar eru húsvörður, skólastjóri og fulltrúi kennara. Einar öryggisvörður, Þórgunnur og Áslaug sem öryggistrúnaðarmenn.

### Jákvæður agi

Heiða Guðmundsdóttir umsjónarkennari leiðir vinnu hópsins. Allir stjórnendur sitja í teyminu auk stuðningsfulltrúa, skólaliða og kennara af öllum stigum alls 11. Í vetur sátu: Þórgunnur, Jón, Helga Sigurbjörg, Pálmi, Rakel, Helga Þuríður, Ríkey, Ada, Adda, Anna Birna og Hanna. Hópurinn hefur yfirumsjón með skipulagningu á innleiðingu stefnunnar, gerir áætlanir fyrir allt starfsfólk og sér um að þeim sé fylgt eftir.

### Heilsuteymi

Áslaug Guðmundsdóttir íþróttakennari fer fyrir hópnunum.

Brynhildur Gísladóttir skólahjúkrunarfræðingur.

Þórgunnur R Vigfúsdóttir skólastjóri.

Harpa Ásgeirsdóttir umsjónarkennari.

Halla R Tryggvadóttir umsjónarkennari.

Unnið er skv. upplýsingum á síðu Landlæknisembættisins. Að auki hefur í vetur teymið fengið næringarfræðing til að taka út matseðla og fundaði með matráðum. Úttektin var jákvæð fyrir mötuneytið. Heilsuteymið sá einnig um fræðslu fyrir starfsfólk sem og hreyfingadaga. Þá var boðið upp á tíma í Íþróttahöllinni á mánudagskvöldum fyrir allt starfsfólk, endurgjaldslaust. Á skipulagsdögum var starfsfólki boðið upp á að byrja daginn með hreyfingu.

### Sjálfsmatsteymi

Samkvæmt grunnskólalögum ber skólum skylda til að framkvæma sjálfsmat. Hverjum skóla er ætlað að innleiða aðferðir til að meta ólíka þætti skólastarfsins, s.s. kennslu, stjórnun, samskipti og tengsl. Áhersla er lögð á það að sjálfsmatið sé sjálfsagður hluti skólastarfsins, unnið jafnt og þétt og ekki íþyngjandi. Á hverju hausti fær skólastjóri 2-3 kennara, til að sitja í sjálfsmatnefnd. Nefndin fundar að lágmarki 10 sinnum á önn, stýrir vinnunni við sjálfsmatið og kallar aðra til sem málið varðar. Lögð er áhersla á það að þessi vinna sé stöðug, einföld og hluti af stofnanamenningu Borgarhólsskóla. *Þessi vinna hefur ekki verið sem skyldi og þarf að endurskoða mjög vel leiðir og tímaramma.*





## Skólaráð

Með gildistöku **laga nr. 91** um grunnskóla frá 12. júní 2008 koma skólaráð í stað foreldraráða. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almenntri velferð nemenda. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn;

- 2 kennarar Harpa Ásgeirsd og Margrét Magnúsdóttir
- 2 nemendur Huginn og Ingibjörg
- 2 foreldrar Bergþóra Höskulds og Eyrún Tryggvadóttir
- 1 starfmaður skóla Íris Waitz
- 1 úr grenndarsamfélaginu/eða foreldri ?
- Skólastjóri

Nýtt skólaráð hóf störf vorið 2014 og situr eitt ár til viðbótar.

## Nemendaverndarráð/Eineltisteymi

Með gildistöku **laga nr. 91** um grunnskóla frá 12. júní 2008 er kveðið á um að skólastjóri setji á laggirnar nemendaverndarráð sem sjái um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðipjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu. Jafnframt skuli stuðla að samráði við félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna nemenda eftir því sem þurfa þykir. *Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðipjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur.* (Reglugerð nr. 584, 17. gr. 2010). Nemendaverndarráð starfar einnig sem eineltisteymi.

Nemendaverndarráð skipar skólastjóri, deildarstjóri sérkennslu, náms- og starfsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur og skólasálfræðingur. Deildarstjórar í 1.-7. bekk og unglíngastígs sitja fundi eftir þörfum. Nemendaverndarráð fundar á tveggja vikna fresti.

Reglugerð mennta- og menningarmálaráðherra frá 25. júní 2010, um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, lýsir nánar starfsemi nemendaverndarráða grunnskóla.

## Nemendaverndarráð Borgarhólsskóla

Anna Birna Einarsdóttir, Anna Harðardóttir, Brynhildur Gísladóttir, Hanna Ásgeirsdóttir, Ingibjörg Sigurjónsdóttir, Jón Höskuldsson, Þórgunnur Reykjalin Vigfúsdóttir.

## Áfallaráð

Í áfallaráði sitja skólastjóri, skólahjúkrunarfræðingur og deildarstjóri sérkennslu.

## Nemandateymi

Misjafnt er hverjir sitja í nemandateymi. Alla jafnan umsjónarkennari, stjórnandi og foreldrar.



## Tölvu- og tæknihópur

Þessi hópur var settur saman af sjálfboðaliðum undir vorið til að skoða og taka út tækjaþörf skólans. Hópurinn fór í skólaheimsóknir í Hrafnagilsskóla og Brekkuskóla og kynntir sér þær leiðir sem þeir hafa farið. Þá tók allur hópurinn þátt í námskeiðinu Samspil 2015. Hópurinn skilaði af sér tillögum í vor sem unnið er eftir nú á sumardögum í tilboðsleit o.fl.

## Nemendafjöldi

Bekkur	Fjöldi nemenda
1. bekkur	33
2. bekkur	28
3. bekkur	29
4. bekkur	29
5. bekkur	27
6. bekkur	33
7. bekkur	30
8. bekkur	28
9. bekkur	31
10. bekkur	32
<b>Samtals:</b>	<b>300</b>

## Skipting skólaársins og námsmat

Skólastarf hófst 19. ágúst með starfsdögum. Skólasetning var seinnipart mánudaginn 25. ágúst. Tíundi bekkur var útskrifaður föstudaginn 5. júní og skólaárinu var lokið 5. júní.

Skólastarfinu var skipt niður í 3 annir, sem enduðu allar á námsmati. Formlegt námsmat var afhent þrisvar sinnum á skólaárinu, í foreldraviðtölum í nóvember og febrúar (nemendur mæta með foreldrum sínum í þessi viðtöl) og við skólalok í júní.

Í Borgarhólsskóla er leiðsagnarmat notað í 1.-10. bekk í samræmi við þróunar- og sjálfsmatsvinnu starfsmanna og áherslur Aðalnámskrá grunnskóla. Matið fer fram rafrænt í gegnum Mentor, þar sem annars vegar nemandinn, ásamt foreldri/forráðamanni, metur sig og hins vegar metur kennarinn nemandann. Leiðsagnarmatið er síðan notað sem umræðugrundvöllur í foreldraviðtali.

Næsta skólaár ætlum við að breyta og fjölga þeim skiptum sem forráðamenn fá formlegar upplýsingar um stöðu nemenda.



## Nemendastundir

**Nemendastundir (miðað við stundatöflu skólaárið 2013-2014)**

Borgarhóllsskóli

Fyllið út hvíta reiti. Gulir reitir fyllast út sjálfvirkt

Nemendastundir á viku	Skráðið í mínútum									
	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.	8. b.	9. b.	10. b.
Íslenska	280	280	280	280	230	230	230	240	240	240
Stærðfræði	200	200	200	200	200	200	200	240	240	240
Enska					120	120	90	120	120	120
Danska							60	120	120	120
Heimilisfræði		60	60	60	60	60	60			
Íþróttir (þ.m.t. sund)	120	120	120	120	120	120	120	130	120	120
Listir	90	120	120	120	120	120	120			
Lífsleikni	60	60	60	60	60	60	60	90	90	90
Náttúrufræði	105	105	105	105	120	120	120	120	120	120
Samfélagsgreinar/kristinfræði	90	90	90	90	140	140	140	120	120	120
- þar af kristinfræði										
Upplýsinga- og tæknimennt	30	30	30	30	50	50	50	60	60	60
Annað og ótilgreint	225	135	135	135	180	180	150	240	250	250

## Skýrslur umsjónarkennara

### 1. bekkur

Í haust byrjuðu 33 nemendur í 1. bekk en í lok árs voru nemendur 31.

#### Göngudagur, fimmtudaginn 18. september.

Öll hefðbundin kennsla féll niður þann dag. 1. bekkur byrjaði í heimastofum og lagði af stað upp úr kl. 9. Þá var gengið í skóginn, börnin léku sér og borðuðu nesti. Því næst var farið í sund. Hádegismaturinn var borðaður á tíma miðstigs kl. 11:50. Eftir hádegi var yngsta stig með útidótadag. Dagurinn gekk vel og allir sælir og glaðir. Anna Björg, Elín, Ingólfur, Magnea Dröfn og Jóna Óskars fylgdu bekknum þennan dag.

#### Jól í skókassa

Jól í skókassa verkefnið var unnið á bekkjarkvöldi sem foreldrafulltrúar skipulögðu.

#### Verkstæðisdagur, þriðjudaginn 9. desember.

1. bekkur var með sameiginlegt verkstæði í stofu 16. Þar var skraut límt á bréfpoka. Dagurinn gekk mjög vel.

#### Litlu jólin, föstudaginn 19. desember.

Byrjað var í stofum kl. 16. Þar var farið í jólabingó og jólasaga lesin. Farið var í salinn kl. 16:45 og byrjaði 1. bekkur á að sýna helgileik. Síðan komu jólasveinar í heimsókn og dansað var í kringum jólatréð. Börnin stóðu sig mjög vel og höfðu gaman af.

#### Salur 1. bekkjar 4. mars.

1. bekkur sýndi á sal miðvikudaginn 4. mars, allur hópurinn saman. Börnin léku leikrit um Búkollu, sungu tvö lög og sýndu dans undir stjórn Áslaugar.

#### Skólasamkoma

Börnin tóku þátt í Skólasamkomu í lok mars. Þau sýndu kúrekadans sem þau höfðu lært í sviðslistum hjá Áslaugu og stóðu sig mjög vel. Sýningunum var skipt á milli nemenda og sýndi hver þeirra á einni morgunsýningu og einni seinnipartssýningu.



## Sundnámskeið

Börnin fóru á sundnámskeið í 11 daga í maí og gekk það mjög vel.

Umsjónarkennarar: Anna Björg Leifsdóttir og Elín Pálmadóttir/Árný Björnsdóttir

## **2. bekkur**

Nemendafjöldi 29. Einn hætti í lok skólaárs.

### **Uppákomur:**

- Sundkennsla fyrstu tvær vikurnar í september.
- Göngudagur 18. sept. Fórum upp í Holt, borðuðum nesti og lékum okkur í læknum og tjörninni. Löbбуðum svo upp í skóg. Eftir hádegi léku nemendur með útidót á skólalóðinni.
- Gönguferðir og útileikir um haustið.
- Jól í skókassa-verkefnið í október.
- Bingó á bekkjarkvöldi í október, undir stjórn foreldra.
- Jólablöndun: 1. og 2. bekk var blandað í fjóra hópum. Hver hópur fór á fjórar stöðvar þar sem unnin voru ýmis jólaverkefni.
- Salur í febrúar og mars.
- Nemendur fengu heimsóknir frá Ævari vísindamanni og Sævari sólmyrkvamanni. Fylgdust með sólmyrkvanum.
- Heimsókn á Safnahúsið í tengslum við Komdu og skoðaðu dýrin. Sif tók á móti árgangnum í tveimur hópum.
- Hvalaskólinn í maí. Fórum í heimsókn á Hvalasafnið í tveimur hópum og í fjöruferð út á Höfðagerðissand. Umsjón með Hvalaskólanum hafði Huld Hafliðadóttir verkefnisstjóri á Hvalasafninu.
- Sýnismöppudagur 3. júní þar sem nemendur sýndu foreldrum sínum verkefnið sem búið var að velja í möppuna á þessu ári. Einnig mátu þau verkefnið með aðstoð foreldra sinna.
- Sundkennsla síðustu tvær kennsluvikurnar.

## **Íslenska**

Unnið samkvæmt byrjendalæsi. Í hverri áætlun var unnið með ákveðin markmið, verkefni og vinnubækur valdar í samræmi við þau.

Áhersla á yndislestur í skóla og heimalestur alla virka daga.

Heimanám einu sinni í viku, í íslensku eða stærðfræði.

Námsmat: Frammistöðumat í Mentor í lok hverrar annar. Settum einnig nokkur námsmarkmið inn í Mentor.

## **Stærðfræði**

Lögðum áherslu á umræður, hlutbundna vinnu og spil. Vorum áfram á stærðfræðinámskeiði hjá Þóru Rósu sem hélt okkur við efnið.

Námsmat: Frammistöðumat í Mentor í lok hverrar annar. Settum einnig nokkur námsmarkmið inn í Mentor.



## Samfélagsfræði og trúarbragðafræði

Komdu og skoðaðu land og þjóð – haustönn.

Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera – vorönn. Heimsókn í Safnahúsið.

Hvalaskólinn í maí. Heimsókn í Hvalasafnið og fjöruferð.

Verkefni tengd jólum og páskum.

Samþætting við íslensku – byrjendalæsi.

Námsmat: Frammistöðumat í Mentor í lok hverrar annar.

## Lífsleikni

Unnum samkvæmt áætlun í Jákvæðum aga.

*Sjá nánar kennsluáætlun*

Umsjónarkennarar Karólína og Sóley

### 3. bekkur

### 4. bekkur

#### Helstu upptökur:

- Göngudagur 11. september. Þá fórum við upp að Skálatjörn, skoðuðum okkur um og tíndum ber. Við vorum heppin með veður og allir sátir við daginn.
- Gönguferðir í skóginn að hausti og vori.
- Heimsókn á Safnahúsið 21. nóvember þar sem við skoðuðum sýninguna „Sýning safnaranna“.
- Krakkarnir voru með atriði á sal, 4.26 sýndi 3. des. Og 4.27 sýndi 14. jan.
- Jól í skókassa verkefnið var unnið í samstarfi við foreldrafulltrúa.
- Í tilefni af degi skyndihjálpar (112 dagurinn) fengu nemendur skyndihjálparfræðslu á sal í febrúar.
- Nemendur fengu heimsókn frá Ævari vísindamanni og Sævari sólmyrkvamanni.
- Nemendur fengu gefins sólmyrkvagleraugu og fræddust um sólmyrkva. Einnig fylgdust þeir með sólmyrkvanum.
- Litlu ólympíuleikarnir þann 14. apríl.
- Vettvangsferðir í tengslum við vinnu með bókina Náttúran allan ársins hring.
- Farið í hina árlegu sveitaferð 4. bekkjar þann 20. maí. Heimsóttum Hveravelli, Hraunkot og Saltvík. Ákaflega vel heppnuð ferð.
- Sýnismöppudagur 3. júní þar sem börnin sýndu foreldrum sínum verkefni sem búið var að velja í möppuna á þessu ári. Einnig mátu þau verkefni með aðstoð foreldra sinna. Að því loknu sýndu þau foreldrum sínum hópverkefni sem þau unnu um íslensku sveitina.
- Dótadagar, með og án annarra bekkja.
- Spiladagar.

#### Kennsluskýrsla:

##### Stærðfræði:

- Sproti 4 a og b. Nemendabækur unnar í skóla. Æfingahefti unnin heima.



- Húrrahefti
- Vasareiknishefti
- Viltu reyna

Íslenska:

- Notuðum aðferðir byrjendalæsis þar sem við lásum ýmsar bækur og unnum með þær.
- Ritrún 3
- Mál og iðja (ljósritað hefti)
- Skinna
- Þristur
- Lesrún
- Skrift 4

Enska:

- Portfolio - Speak out og work out (les- og vinnubók)  
Notuðum bækurnar í grunninn en útvíkkuðum verkefni, studdumst við aðferðir byrjendalæsis þar sem við lögðum áherslu á hugtakakort og spil. Fórum hægt yfir og lukum ekki við bókina.

Samfélags- og náttúrufræði:

- Komdu og skoðuðu himingeiminn
- Komdu og skoðuðu sögu mannkyns
- Náttúran allan ársins hring
- Í sveitinni með Æsu og Gauta

Allar bækurnar voru teknar sem þemu þar sem við tengdum viðfangsefni við íslensku og unnum hóp- og einstaklingsverkefni.

Kristinfræði:

- Birtan. Lásu kaflana um jól og páska auk hinna helstu atburða í kristinni kirkju (skírn, ferming, hjónaband og jarðarför). Lásu og unnum verkefni.

Upplýsingatækni:

- Fingrafimi á nams.is, æfingar í forritinu Paint, leit á google.is.

Lífsleikni:

- Jákvæður agi, unnið samkvæmt verkáætlun sem verkefnahópur JA sendi okkur reglulega.
- Reglulegir bekkjafundir.

Anna Snæbjörnsdóttir og Helga Sigurbjörg Gunnarsdóttir

## 5. bekkur

## 6. bekkur



## 7. bekkur

Í 7. bekk í 14 stofu árið 2014 – 2015 voru 14 nemendur. Það fækkaði um einn nemanda í apríl þegar hann flutti til Svíþjóðar. Umsjónarkennari var Guðrún Kristinsdóttir. Samræmd próf voru tekin á haustönn í íslensku og stærðfræði. Göngudagurinn var í september og gengu nemendur 7.bekkjara upp á Húsavíkur-fjall og skoðuðu þaðan örnefni og staði í kring. Stóra upplestrarkeppin var formlega sett af stað 15. nóvember og lauk henni með aðalkeppni í safnahúsinu. Sex nemendur frá Borgarhólsskóla tóku þátt og hrepptum við annað sætið. Fjáröflun 7.bekkjara fyrir skólabúðir fór fram með ýmsum hætti. Þar má nefna diskótek sem þau héldu fyrir miðstigið og voru hin ýmsu þemu. Skólaskemmtun er stærsti þátturinn í fjáröfluninni og í ár sýndu þau leikritið Glanni glæpur í Latabæ. Skólaskemmtunin var haldin dagana 24-27 mars og svo vorum við með aukasýningu fyrir leikskólann. Skólabúðir 2015 voru í Mývatnssveit og fóru 27 nemendur frá Borgarhólsskóla þangað og unnu með 7 nemendum frá Reykjarhlíðarskóla. Við unnum með jarðsögu Mývatns sem og hópefli og tókst ferðin með eindæmum vel. Mikil samvinna og gleði einkenndi þessa daga. Mikil áhersla var lögð á góð samskipti og félagsleg tengsl með því að halda bekkjarkvöld, fara saman til Akureyrar í bíó og út að borða, það var haldið vökukvöld og skólaárið endaði með skúffuköku hjá umsjónarkennara.

Guðrún Kristinsdóttir

## Unglingastig

### Sameiginlegir þættir

**Göngudagur, 18. september.** Farið var frá Húsavík að Æðarfossu meðfram ströndinni. Við Laxamýri var farið yfir Þjóðveginn og gengið aðeins í suður og yfir túnið ofan við Laxamýri og slóðann ofan við veginn til Húsavíkur aftur. Þetta voru tæpir 20 kílómetrar. Allt unglingsstigið fór þessa leið. Nemendum var skipt í hópa fyrir ferðina og fengu þeir ákveðin verkefni til að sinna á leiðinni. Eins og að taka myndir af þremur blómum, af Kinnarfjöllunum og fossinum með og án fólks. Dagurinn eftir göngudaginn var svo nýttur í að útbúa kynningar á ferðum hvers hóps, það var sérlega vel til fundið og gaman að sjá hve flottar myndir nemendur tóku. Kynningarnar voru vel unnar og skemmtilegt að sjá hve upplifun hópanna á deginum var misjöfn.

Ferðin gekk ágætlega, sérstaklega gekk vel í upphafi þegar nemendur höfðu verkefnið til að hugsa um en eftir Æðarfossa fór heldur að sljákka í mönnum. Var það sennilega helst vegna þess að einhverjir voru orðnir mjög sárfættir, með blöðrur og sár á fótum og fengu því að fara heim með ferlibílnum sem kom með tvo fatlaða nemendur að fossinum. Og þá vildi þessi og hinn fá að fara heim. Nemendur hafa sennilega almennt verið orðnir þreyttir í fótunum en leiðin er alls ekki erfið, hún er bara löng. Í ferðinni voru allir umsjónarkennarar á unglingsstigi og deildarstjóri unglingsstigs. Aðrir starfsmenn komu ekki með í þessa ferð.

Það er umhugsunarvert eftir þessa göngu hvort ekki sé almennt best að fara með unglingsana þangað sem hvorki er símasamband né það stutt frá Húsavík að foreldrar geti sótt krakkana. Það hefði verið gaman að sjá nokkra þarna glíma við það að komast ekki heim heldur þurfa að klára gönguna. En að mínu mati þá er ekki spurning að fá nemendum alltaf einhver verkefni að



glíma við á leiðinni, sá þáttur gekk ljómandi vel. Ég held reyndar að við ættum að gefa verkefninu sem slíku meiri tíma, við hefðum getað stoppað meira til að taka myndir.

Halla Rún

**Árshátíð** unglíngastígs var haldin í byrjun mars, á laugardagskvöldi. Árshátíð FSH var daginn áður og var búnaður og skraut samnýtt. Allar stofur voru með skemmtiatriði sem og kennarar. Árshátíðin tókst afar vel og nemendur voru til fyrirmyndar.

**Flæðivika.** Síðustu vikuna fyrir páska var skólafarfið á unglíngastígi brotið upp með svokallaðri flæðivíku. Nemendur unnu eftir áætlun þessa viku og völdu sér vinnusvæði og gátu ráðið hvar og hvenær þeir unnu hvert verkefni. Í heild gekk þessi vika vel en ýmis atriði þarf að skoða betur.

**Jólabema** á unglíngastígi var síðustu þrjú kennsludagana fyrir litlu jóli. Stofurnar héldu sér og hver stofa vann með jólasíði og hefðir í mismunandi löndum. Þemað endaði sem sýningu á stjörnunni þar sem dómnefnd valdi besta básinn.

**Marita fræðslan** og Magnús Stefánsson kom á haustdögum og talaði við allt unglíngastígið um skaðsemi fíkniefna. Magnús náði vel til krakkanna og vakti þá til umhugsunar.

**Sigga Dögg** kynfræðingur kom um mitt skólaár og talaði mjög opinskátt um kynlíf og kynhegðun. Hún náði vel til krakkanna og vakti þá til umhugsunar.

**Háskólalestin** kom í lok skólaárs og bauð nemendum í 6. – 10. bekk upp á fjölbreytt námskeið. Nemendur völdu þrjú námskeið eftir sínu áhugasviði. Námskeiðin gengu mjög vel en upplýsingar um tækjabúnað sem nota þurfti og skráningarform hefði þurft að koma miklu fyrir.

## 8.bekkur

Í 8.bekk voru 28 nemendur, 15 í 8.7 og 13 í 8.18. Engar breytingar urðu á nemendahópnum þetta skólaár. Það gekk vel með nemendur þetta fyrsta ár þeirra á unglíngstígi.

### Þorablót í febrúar

Þorablótið fór fram fimmtudagskvöldið 5.febrúar, ástæðan var að margir strákar í bekknum áttu að fara á handboltamót á föstudagsmorguninn. Þessa viku var 9. bekkur á Laugum, 10. bekkur var með uppbrotsvíku þar sem atvinnulífið var kynnt fyrir þeim og 8. bekk gafst tækifæri til að undirbúa þorablótið vel og vandlega á skólatíma. Flestir bóklegir tímar fóru í þorablótsundirbúning en upplýsingatækni og list- og verkgreinatímar héldu sér.

Þetta fyrirkomulag gaf mjög góða raun. Auðvitað er erfitt að hafa alltaf verkefni fyrir alla en nefndirnar unnu sitt á tilsettum tíma.

Nemendur fóru í tveimur hópum í Norðlenska og skoðuðu framleiðsluna þar og fengu að smakka þorramat. Á meðan annar hópurinn var þar, unnu hinir að þorablótsundirbúningi.

### Tímasetning

Húsið var opnað kl. 19:00 og skemmtunin hófst 19.30.

### Fjöldasöngur

Við fengum Hófi til þess að spila undir. Hún kom þrisvar í þorablótsvikunni og æfði með krökkunum lögin sem við völdum í sameiningu. Hún var svo með okkur á blótinu og stjórnaði söngnum.

### Veislustjórar





Veislustjórarnir voru tveir. Veislustjórinn gekk mjög vel, töluðu hæfilega mikið og uppskáru oft mikinn hlátur.

### **Dansinn**

Dansinn hófst um eða upp úr kl. 21:30.

Gömlu dansarnir höfðu verið æfðir í skólanum þrisvar sinnum í vikunni, klukkutíma í senn. Það var hæfilega mikið, en sumum fannst þetta aðeins of mikið, en það er sennilega vegna þess að þessi bekkur er vanur að dansa. Danskennslan var í höndum Unnar og Áslaugar. Unnar Þór sá alveg um tónlistina við gömlu dansana.

Eftir gömlu dansana tók svo við diskótek, sem tónlistarnefnd nemenda hafði undirbúið.

Rétt fyrir kl. 00 var svo síðasta lag kvöldsins spilað og virtist þetta mjög mátulegur tími.

### **Undirbúningur salarins**

Við fengum salinn eftir skólamat á fimmtudeginum, Kl: 13:00 og var salurinn tilbúin nákvæmlega 15:10 sem var frábær árangur. Nemendur og kennarar hjálpuðust að að raða upp í salinn og skreytingarnefnd sá um að skreyta salinn.

### **Nefndirnar**

Nefndirnar voru í rauninni sex, veislustjórar, auglýsinga- og aðgöngumiðanefnd, móttökunefnd skreytinganefnd, skemmtinefnd og tónlistarnefnd. Gott væri að ákveða einn formann í hverri nefnd, hans hlutverk er að upplýsa kennara um stöðuna í nefndinni. Mikilvægt er að innan hvernar nefndar sé skýr verkaskipting þannig að nemendur viti nákvæmlega til hvers er ætlast af hverjum og einum.

### **Skemmtiatriði**

Fyrir utan veislustjórana sem sögðu brandara á milli atriða og fjöldasöngs voru skemmtiatriði eftirfarandi.

Gamlar fermingarmyndir – Foreldrar höfðu safnað saman gömlum fermingarmyndum af sjálfum sér og kennurum og voru myndirnar láttnar rúlla. Myndirnar vöktu mikla lukku og mætti alveg hafa ár hvert. Þetta var alfarið í höndum foreldra.

8.7 var með myndband sem þau höfðu útbúið nokkru fyrr.

8.18 var einnig með myndband.

Foreldraatriði – Var glæsilegt en Karen Zumbakennari kom og tók foreldra í dans. Á eftir voru kennarar og nemendur líka fengnir til að dansa með henni.

### **Heimsókn 8. bekkjar Lundarskóla á Akureyri**

Kennari 8. bekkjar Lundarskóla á Akureyri hafði samband og kannaði möguleika á heimsókn sinnar bekkjardeildar til 8. bekkjar á Húsavík. Við tókum vel í það og að loknu síðasta prófi hér komu krakkarnir úr Lundarskóla. Komu sér fyrir í stofum, skoðuðu skólann og borðuðu hér í mötuneytinu með okkar krökkum. Eftir hádegi var hópunum skipt upp í þrjá hópa, blöndu úr báðum skólum og farið í kynningarleiki. Eftir það fóru hóparnir í safnaheimsóknir, þ.e. Safnahúsið, Hvalasafnið, Könnunarsögusafnið og kirkjuturninn. Á Safnahúsinu beið þeirra verkefni en á hinum stöðunum sáu nemendur meira sjálfir um að skoða sig um. Hvalasafnið hefur ekki mannafla til að veita leiðsögn á þessum árstíma en Örlygur gat því miður ekki tekið á móti okkur sjálfur en hefði gjarnan viljað það til að segja frá safninu og tilurð þess.

Ætlunin hjá Akureyrarkrökkum var að fara í hvalaskoðun fram að kvöldmat en því miður leyfði veðrið það ekki. Um átta leytið komu Borgarhólsskólakrakkar í skólann og voru með



hinum krökkunum en um 9.30 fór allur hópurinn í sund. Borgarhóllsskólakrakkar gistu einnig í skólanum þó töluvert brottfall hafi orðið í strákahópnum.

Daginn eftir var morgunmatur í skólanum, hópefli í höllinni undir stjórn Áslaugar. Hádegismatur og frjáls tími fram að brottför Lundarskólakrakka um kl. 14.

Yfirleitt mjög vel heppnuð heimsókn en slæmt veðurfar setti töluvert strik í reikninginn. Gagnkvæmar skólaheimsóknir örugglega eitthvað sem óhætt er að þróa og bæta í framtíðinni.

Kristjana Ríkey og Unnur

## 9. bekkur

Í 9. bekk var 31 nemandi í upphafi skólaárs, 16 í 9.9. og 15 í 9.15. Þetta er einum fleira en var í lok síðasta skólaárs. Einn nemandi flutti í burtu eftir áramót og því luku 30 nemendur 9. bekk í vor. Í heildina litið gekk vel í 9. bekk í vetur. Einn nemandi hefur sótt um á braut í MA fyrir 10. bekkjar nemendur og fékk inngöngu.

### Laugar í Sælingsdal

Fyrstu vikuna í febrúar fóru nemendur á Lauga í Sælingsdal og gekk sú ferð mjög vel. Foreldrar samþykktu ferðina á haustfundi. Þórgunnur pantaði rútu og Hjálmar sá um samskipti við Lauga. Umsjónarkennarar sáu um undirbúning og fóru með í ferðalagið, ásamt Sollu. Farið var frá skólanum kl. 5:30, sem var aðeins of seint vegna þess hve veður var slæmt. Ekki var byrjað að moka svona snemma dags og tafðist hópurinn vegna þess. Hópurinn mætti rúmlega hálf tíma of seint á Lauga. Nemendur voru til fyrirmyndar alla ferðina og engin mál komu upp sem vert er að nefna.

Björgvin og Hjálmar Bogi

## 10. bekkur

Í 10. bekk var 31 nemandi í upphafi skólaárs, 16 í 10.11. og 15 í 10.8. Einn nemandi í 10.11. stundar nám í FSH sem er námsaðlögun hans, hann er því skráður í Borgarhóllsskóla. Í október bættist einn nemandi við í 10.8. Nemendur 10. bekkjar voru því 32 stærsta hluta skólaársins. Í heild gekk vel í 10. bekk í vetur.

**Leikrit** – 10. bekkur setti upp leikritið Útilega eftir Guðjón Sigvaldason í leikstjórn Höllu Rúnar á haustmánuðum 2014. Byrjað var fljótlega eftir að skóli hófst að skoða leikrit. Bekkurinn valdi leikritið og hófust æfingar eftir að samræmdu prófunum lauk. Ég held að það sé gott að hafa þennan háttinn á og klára leikritið fyrir áramót. Æfingar gengu vel, nemendur höfðu samt ekki alltaf tíma til að mæta á æfingar þó að mikil umræða um alla vinnuna sem liggur á bakvið eina leiksýningu hafi verið tekin áður en byrjað var að æfa. Kolbrún Ada sá um aðra þætti en leikstjórnina eins og leikskrá og auglýsingar svo eitthvað sé nefnt. Frumsýnt var 1. nóvember. Sýningar urðu alls 6 og gekk sýningin almennt vel og var góður rómur gerður að henni.

**Skólaheimsóknir.** 10. bekkur fór í skólaheimsóknir til Akureyrar á haustdögum, þar sem bæði MA og VMA voru heimsóttir. Þessar heimsóknir gengu vel og voru nemendur til fyrirmyndar. FSH bauð 10. bekkjum líka í heimsókn og það gekk sömuleiðis vel.

**Verkstæðisdagur** (sjá annað blað)



**Porgrímur Þráinsson** kom í janúar og hitti 10. bekinga. Ræddi við þá um markmiðasetningu og að hver er sinnar gæfu smiður. Hann náði vel til krakkanna og þeir voru ánægðir með heimsóknina.

**Uppbrotsvika í febrúar** - Vikan 2. – 6. febrúar var uppbrotsvika hjá 10. bekk, nemendur fóru í starfskynningar út í bæ. Þeir fengu að velja vinnustað á Húsavík til að heimsækja og áttu að vinna ákveðin verkefni í tengslum við vinnustaðaheimsóknina. Nemendur fengu líka heimsóknir í skólann. Vikan byrjaði á fyrirlestri frá Framsýn um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Sveitarstjórahjónin þau Guðrún Dís og Kristján Þór komu og spjölluðu við nemendur um lífið og tilveruna. Þau komu inn á að setja sér markmið í lífinu og ef það er eitthvað sem manngangur til að gera og hafa gaman í lífinu verður maður að skapa það sjálfur, ekki er gott að bíða eftir að einhver annar komi og geri hlutina fyrir mann. Starfsfólk Íslandsbanka kom og var með fjármálafræðslu. Anna námsráðgjafi ræddi um framhaldsskóla og starfsval. Nemendur fengu fræðslu frá Aðalbirni Jóhannssyni og Ólöfu Traustadóttur um lýðháskóla í Danmörku og skiptinemadvöl í Frakklandi. Inn á milli unnu nemendur að kynningu á vinnustaðaheimsókn sinni og í lok vikunnar kynntu allir sína heimsókn. Vikan tókst mjög vel og voru nemendur til fyrirmyndar.

**Skólaferðalag** – dagana 2. – 4. núní var 10. bekkur í skólaferðalaginu sínu. Farið var rakleiðis á Nesjavaelli í Adrenalíngarðinn og það gekk vel, mjög vel. Eftir „adrenalín-kikkið“ var farið til Reykjavíkur á Pizza Hut í Smáralind. Eftir pizzurnar fóru flestir nemendur í Skemmtigarðinn í Smáralind. Þá var að koma sér á gististaðinn sem var félagsmiðstöðin Bústaðir við Bústaðakirkju. Þar var nú heldur skítugt svo það er spurning um að fara að kanna aðra gistimöguleika í Reykjavík. Ræs snemma daginn eftir og haldið beint í Skemmtigarðinn í Grafarvogi í „Lazer-tag“ og „Paint-ball“. Sólin mætti á svæðið og allt gekk þetta ljómandi vel og allir himinsælir. Eftir þetta var haldið í Garðabæinn í Go-kart. Það gekk sömuleiðis vel. Það þurfti svo að þvo mannskapinn og allir í sund á Álftanesi. Svo var það Hamborgarfabrikan og „óvissu-ferð“ í ísbúðina Valdísi. Deginum lauk svo með bíóferð. Daginn eftir var ræs enn fyrr en daginn áður og haldið rakleiðis í Skagafjörð í rafting. Þetta ferðalag gekk alveg glimrandi vel, krakkarnir alls staðar til fyrirmyndar og gleðin skein úr hverju andliti.

Þau Hulda Jóna og Rúnar hjá Fjallasýn skipulögðu ferðalagið eins og oft áður. Þau höfðu samband strax á haustmánuðum til að vera viss um hvaða daga ætti að fara í ferðalagið og voru því búin að bóka gistinguna og helstu afþreyinguna snemma. Ég myndi mæla með að þetta væri alltaf gert. Að umsjónarmaður fjáröflunar 10. bekkjar setji sig í samband við þau snemma á skólaárinu til að bóka a.m.k. gistinguna.

Halla Rún Tryggvadóttir og Kolbrún Ada Gunnarsdóttir



## Skýrslur sérgreina

### Danska

#### 8. bekkur

START lesbók og vinnubók kláraðar á haustdögum, TÆNK lesbók og vinnubók A tóku við. Í Tænk unnu nemendur fyrsta þemað, „Rend og hop med din krop“. Við förum í sjóræningjaþema í einhverjar vikur en það er út frá sjóræningjakafla í SMART bókunum. Nemendur útbjuggu sér dagbækur og skrifuðu í þær þar sem ritunarþættinum eru gerð skil, hefði viljað gera meira af því í vetur. Við spiluðum bingó, til að læra tölurnar. Við horfðum á þáttaröðina „Mille“, alls 10 hálf tíma langa þætti. Aðrar kvikmyndir sem við horfðum á eru Min søsters børn i Ægypten og Tempelriddernes Skat I. Við hlustuðum töluvert á danska tónlist, bæði sem eyðufyllingarverkefni og okkur til ánægju og yndisauka á meðan unnið var í vinnubókum. Nemendur unnu frekar stórt verkefni um Kaupmannahöfn, þar sem þeir skipuleggja sex daga ferðir til þessarar yndislegu borgar.

**Námsmatið** var verkefnið um Kaupmannahöfn, orðaforðakannanir (sem ég vil gera meira af að leggja fyrir nemendur), dagbók gildi til lokaekunnar, prófblaðsíða (sjálfstæð vinna á fyrirfram valinni blaðsíðu í vinnubók sem kennari fer yfir og gefur einkunn fyrir), vinnubók metin til einkunnar (bæði START vinnubók og TÆNK vinnubók), hlustunarpróf og lokapróf.

#### 9. bekkur

Í 9. bekk í vetur tókst mér hvað best að vinna út frá ákveðnum þemum með uppbroti (kvikmynda-áhorfi) í lok hvers þema. Við byrjuðum á skólaorðum, skóladót og fögin í skólanum. Þar notast ég við verkefni úr Glimrende, SMART og ýmis önnur ólík verkefni, dagbækur eru t.d. frekar mikið notaðar í þessu þema. Svo var það fermingin þar sem allir eru fermdir, í TÆNK er kafli sem fjallar um fermingu og ég bæti við einhverjum verkefnum líka, dagbókin kemur sterk inn í fermingarþemanu. Næst voru það áhugamálin og það sem maður gerir í sínum frítíma en í TÆNK eru góð verkefni inann þessa þema og það endaði á áhugamálaverkefni sem nemendur kynntu svo fyrir bekknum. Síðasta þemað sem við tókum fyrir á þessu skólaári var í sambandi við heimilið en ég er búin að tína til verkefni úr TÆNK bókunum og fleiri bókum og reyndar er dagbókin líka notuð í þessu þema.

Við spiluðum bingó nokkrum sinnum til að æfa tölurnar. Við byrjuðum á þáttaröðinni „Anna Pihl, náðum tveimur þáttum en þetta eru 40 mínútna langir þættir. Áður en við horfum förum við yfir orðaforðann úr þættinum og lesum saman um hvað þátturinn er og svo horfum við. Aðrar kvikmyndir sem við horfðum á eru Kærlighed ved første hik, Midsommer og Tempelriddernes Skat III. Við hlustuðum töluvert á danska tónlist, bæði sem eyðufyllingarverkefni og okkur til ánægju og yndisauka á meðan unnið var í vinnubókum. Nemendur unnu stórt verkefni um Danmörku þar sem þeir skipulögðu tveggja vikna langa ferð til Danmerkur. Við lástum smásöguna „Dumme sms‘er til Sofie“ og nemendur unnu verkefni upp úr henni. Nemendur skrifuðu nokkrum sinnum í dagbók sem ég mundi vilja gera meira af. Og við glósuðum smá málfærði, um nafnorð og sagnorð.

**Námsmatið** var verkefnið um Danmörku og verkefnið um Sofie, orðaforðakannanir, dagbók, hlustunarpróf, vinnubók og lokapróf. Í lok hvers þema var einhvers konar námsmat, skriflegt próf, verkefni (kynning) um áhugamál og munnlegt próf.



## 10. bekkur

Skólaárið byrjaði á að lesa smásöguna „Du er død Tobias“. Og eftir lesturinn unnu nemendur stuttmyndir upp úr sögunni. Þeir unnu í hópum og byrjuðu á að gera handrit upp úr þeim kafla sem þeim var úthlutað úr sögunni. Nemendur unnu þetta verkefni að einhverju leyti í skólanum og einnig heima hjá sér en á þeim tíma sem danska var á stundatöflunni. Ég var gríðarlega ánægð með þetta verkefni og ég held að nemendur hafi verið það líka. Málfræðin var tekin nokkuð föstum skorðum en nemendur glósuðu um nafnorð og sagnorð og lærðu um hvernig orðabókin getur nýst í málfræðinni. Það þema sem tekið var fyrir í 10. bekk í vetur var aðallega maturinn og unnu nemendur í EKKO bókunum matarverkefni þar, eftir matarkaflann unnu nemendur í hópum og bjuggu til matseðla. Við lásum smásöguna „Pigen med det blå hår“ og nemendur unnu hugtakakort og ritun úr þeirri sögu. Við spiluðum líka nokkrum sinnum bingó, til að rifja upp og æfa tölurnar. Nemendur skrifuðu nokkrum sinnum í dagbók, hefði samt vilja gera meira af því. Á vordögum unnu nemendur svo stórt verkefni í hópum um þekktan Dana, De kendte og kongelige. Við horfðum á þáttaröðina „Anna Pihl“. Aðrar myndir sem við horfðum á eru Blinkende Lygter, Midsommer/De grønne slagtere.

**Námsmatið** var þannig að stuttmyndirnar voru metnar til einkunnar sem og verkefnið um þekhta Danann og matseðlarnir líka. Verkefnið úr „Pigen med det blå hår“ var líka metið til einkunnar. Hlustunarpróf og lokapróf.

## Næsta skólaár

Mig langar að ná betur að kenna í öllum bekkjum eftir þemum, þ.e.a.s. að vera með ákveðin þema í hverjum bekk sem alltaf lýkur með námsmati (prófi eða könnun eða verkefni sem metið er til einkunnar). Ég er búin að raða þemum niður á alla bekkina og vonast til að ná slíkri þemaskiptingu alveg 100% á næsta skólaári. Innan hvers þema er lestur og vinnubóka eða vinnublaða (ljósrit) vinna. Það er alltaf ritun í dagbók, framburðaræfingar af ýmsum toga. Hlustunarverkefni eru innan hvers þema og oft áhorf. Innan einhverra þema-þátta eru spil og tónlist. Einnig er heimildavinna á netinu, framsögn og kynningar innan einhverra þema-þátta. Innan hvers þema eru mjög fjölbreytt verkefni sem kalla á mjög fjölbreyttar kennsluáðferðir og mun þráðlaust net vera himnasending fyrir sum verkefnanna ☺

Og á milli þemanna er uppbrot, yfirleitt áhorf þar sem við horfum á bíómynd.

Halla Rún Tryggvadóttir

## Enska

### 8.bekkur

Bækur sem eru notaðar:

- Spotlight 8 lesbók og vinnubók, þetta aðalnámsbókin sem er rauður þráður yfir veturinn. Í henni eru lestextar og fjölbreytt verkefni sem reyna á ritun, lesskilning, hlustun og þá er einnig sérkafla um málfræði.
- Mrs. Doubtfire
- Notting Hill
- Write Right One



Nemendur og kennari fara yfir málfræðiglósur í tímum.

Við horfum einnig á kvikmyndir og vinnum verkefni úr þeim.

Þá gera nemendur nokkuð stórt verkefni „Must See Movies“ þar sem þeir velja kvikmynd eða þátt sem þeim finnst nauðsynlegt að aðrir sjái um ævina.

Námsmat : Orðaforða, málfræði og hlustunarkannanir, bókmenntaverkefni, kvikmyndaverkefni og önnur stutt verkefni frá kennara.

### **9.bekkur**

Bækur sem eru notaðar eru

- Spotlight 9 lesbók og vinnubók, þetta aðalnámsbókin sem er rauður þráður yfir veturinn. Í henni eru lestextar og fjölbreytt verkefni sem reyna á ritun, lesskilning, hlustun og þá er einnig sér kafli um málfræði.
- Forrest Gump
- Amistad
- Write Right II
- Gömul samræmd próf.

Nemendur og kennari fara yfir málfræðiglósur í tímum.

Við horfum einnig á kvikmyndir og þætti og vinnum verkefni úr þeim.

Unnið er með tónlist og texta.

Þá unnu nemendur 9.bekkjjar verkefnið „Comics 2014“ þar sem við skoðuðum hvernig hugmynd að teiknimyndasýrþum kviknar og hvernig henni er komið á blað. Nemendur horfðu á YouTube myndbönd með hugmyndum af þessu og gerðu svo sína eigin Comics –sketsa.

Námsmat : Orðaforða, málfræði og hlustunarkannanir, bókmenntaverkefni, kvikmyndaverkefni og önnur stutt verkefni frá kennara.

### **10.bekkur**

Bækur sem eru notaðar eru

- Spotlight 10 lesbók og vinnubók, þetta aðalnámsbókin sem er rauður þráður yfir veturinn. Í henni eru lestextar og fjölbreytt verkefni sem reyna á ritun, lesskilning, hlustun og þá er einnig sér kafli um málfræði.
- Murder on the Orient Express
- Bits and Pieces
- Gömul samræmd próf

Nemendur og kennari fara yfir málfræðiglósur í tímum.

Við horfum einnig á kvikmyndir og vinnum verkefni úr þeim.



Unnið er „Tourist Interview“ þar sem nemendur undir búa spurningalista og fara niður í bæ þar sem þeir taka viðtal við ferðamann/menn.

Þá gerðu nemendur áhugasviðsritgerð sem heppnaðist vel, en það þarf langan tíma til að fara yfir vegna „google“ leitar hjá kennaranum.

\*Sendi með í viðhengi allar námsáætlanir fyrir síðasta vetur, þar kemur fram allt námsmat og verkefni.

Unnur Sig.

## Íslenska

### 8. bekkur

**Tungutak/Tungufoss** voru grunnbækur vetrarins. Reyndust að mörgu leyti vel en þjálfunarefni vantar í málfræðinni. Nota á næsta ári bækur frá Námsgagnastofnun með í þeim tilgangi.

**Gunnlaugs saga Ormstungu.** Bókin lesin og rædd, verkefni unnin upp úr henni.

**Ljóðaverkefni** í samvinnu við Bókasafn Húsavíkur og Karin. Rætt var um ljóð og ljóðagerð. Nemendur sömdu ljóð og settu þau upp í upplýsingatækni hjá Karin. Ljóðasýning á Bókasafni Húsavíkur eins og undanfarin ár í tengslum við dag íslenskrar tungu. Gekk vel. Ljóðin voru hluti af námsmati vetrarins þar sem gefið var fyrir efni og uppsetningu.

**Gauragangur.** Horft á myndina og hún lítillaga rædd.

**Smásagnasmáræði.** Lásur innganginn sem er mjög skemmtilega upp settur um smásögur. Lásur tvær fyrstu sögurnar í bókinni.

**Kveikjur.** 1. og 2. kafli, 4. og 5. kafli

**Orðbragð.** Horfðum á aðra þáttaröðina sem voru mjög góður grunnur fyrir umræður og vöktu nemendur til umhugsunar um íslenskuna og gildi hennar.

**Yndislestur.** Yndislestur er í 15-20 mínútur í tveimur af fjórum klukkutímum á unglíngastigi á viku. Það má alltaf spyrja sig hvort þetta er of mikill tími á kostnað annars efnis. Miðað við veturinn í vetur tel ég svo ekki vera þar sem mér finnst nemendur hafa náð meiri einbeitingu en oft áður og halda betur út við lesturinn þó þeir lesi ekki endilega margar bækur en það er auðvitað mjög misjafnt milli nemenda.

Stefni næsta vetur á að láta nemendur í öllum árgöngum gera verkefni í ætt við kjörbókarfyrirlesturinn í 10. bekk, kannski ekki alveg eins viðamikilið en þannig að þeir þurfi að standa skil á einhverju af því sem þeir lesa.



## 9. bekkur

**Ljóðaverkefni** í samvinnu við Bókasafn Húsavíkur og Karin. Rætt var um ljóð og ljóðagerð. Nemendur sömdu ljóð og settu þau upp í upplýsingatækni hjá Karin. Ljóðasýning á Bókasafni Húsavíkur eins og undanfarin ár í tengslum við dag íslenskrar tungu. Gekk vel. Ljóðin voru hluti af námsmati vetrarins þar sem gefið var fyrir efni og uppsetningu.

**Tungutak og Tungufoss 2** notaðar sem grunnbækur í íslensku. Höfða yfirleitt ágætlega til krakkanna en bæta þarf inn þjálfunarefni og glósum. Tökum á næsta ári bækur frá Námsgagnastofnun með.

**Korku saga** lesin, rædd og ítarlegt verkefni unnið. Bókin höfðaði mjög vel til nemenda og mörg góð verkefni skiluðu sér. Námsmat: Verkefni úr Korku sögu, hluti af símati.

**Gísla saga** lesin, rædd og verkefni unnið sem hluti af námsmati. Gekk þokkalega vel en lesa þarf bókina mikið til með nemendum.

Horft á myndina í upphafi vinnu. Erfitt að ná nemendum jákvæðum í þessum hluta.

**Barnabók.** Ræddum um barnabækur og það hvernig þær þyrftu að vera til að höfða til barna, hvað varðar útlit, myndskreytingar og fleira. Nemendur sömdu barnabók í ýmist einir eða í tveggja manna hópum. Lásu bækurnar upp fyrir hópinn og höfðu gaman af.

Bókin hluti af símati vetrarins.

**Með fjaðrabliki.** Fórum í ljóðakaflann. Gekk vel og nemendur tóku virkan þátt

**Órói.** Horfðum á myndina og unnum verkefni úr henni upp úr bókinni Með fjaðrabliki. Myndin höfðaði mjög vel til nemenda og þeir skiluðu yfirleitt góðum verkefnum.

**Mýrin.** Þar sem ekki gafst tími til að lesa söguna að þessu sinni létum við nægja að horfa á myndina. Það gekk vel en bókin hefur höfðað mjög vel til nemenda og höfum við hugsað okkur að hraðlesa hana næsta haust.

**Smásagnasmáræði.** Lásu sögur númer þrjú til fimm í bókinni.

**Orðbragð.** Horfðum á alla þættina í annarri þáttaröðsem voru mjög góður grunnur fyrir umræður og vöktu nemendur til umhugsunar um íslenskuna og gildi hennar.

**Yndislestur.** Yndislestur er í 15-20 mínútur í tveimur af fjórum klukkutímum á unglingsstigi á viku. Það má alltaf spyrja sig hvort þetta er of mikill tími á kostnað annars efnis. Miðað við veturinn í vetur tel ég svo ekki vera þar sem mér finnst nemendur hafa náð meiri einbeitingu en oft áður og halda betur út við lesturinn þó þeir lesi ekki endilega margar bækur en það er auðvitað mjög misjafnt milli nemenda.





Stefni næsta vetur á að láta nemendur í öllum árgöngum gera verkefni í ætt við kjörbókarfyrirlesturinn í 10. bekk, kannski ekki alveg eins viðamikið en þannig að þeir þurfi að standa skil á einhverju af því sem þeir lesa.

### **10. bekkur**

**Ljóðaverkefni** í samvinnu við Bókasafn Húsavíkur og Karin. Rætt var um ljóð og ljóðagerð. Nemendur sömdu ljóð og settu þau upp í upplýsingatækni hjá Karin. Ljóðasýning á Bókasafni Húsavíkur eins og undanfarin ár í tengslum við dag íslenskrar tungu. Gekk vel. Ljóðin voru hluti af námsmati vetrarins þar sem gefið var fyrir efni og uppsetningu.

Upprifjun fyrir samræmd próf var megin vinnan fyrsta mánuðinn.

**Tungutak og Tungufoss** notaðar sem grunnbækur í íslensku. Höfða yfirleitt vel til nemenda en bæta þarf inn í glósum og þjálfunarefni. Munum m.a. nota bækur frá Námsgagnastofnun til þess næsta vetur.

**Mýrin** var lesin og horft á myndina. Nemendur unnu ýmist veggspjald eða skiluðu bókmenntaskýrslu. Gekk mjög vel og nemendur voru áhugasamir.

**Grettis saga.** Lásur valda kafla úr bókinni, slepptum að mestu útleðararunum á Arnarvatnsheiði. Nemendur unnu stuttmyndir þar sem skilyrði var að a.m.k. þrjú atriði kæmu fyrir. Þetta gekk mjög vel og höfðu nemendur mjög gaman af þessu verkefni og sagan skilaði sér eflaust mun betur til nemenda en ella. Námsmat var einkunn fyrir stuttmyndina sem var svo hluti af símati vetrarins.

Verkefni sem örugglega verður endurtekið. Gekk upp þar sem við fléttuðum þetta inn í uppbrotsvikuna.

**Kjörbókarfyrirlestur.** Nemendur völdu bók sem þeir höfðu lesið í vetur eða voru að lesa og fluttu fyrirlestur um hana. Þetta verkefni hefur gengið mjög vel og skilar sér ekki síður en hefðbundin bókmenntaritgerð. Nokkrir kusu þó að gera frekar bókmenntaritgerð og höfðu nemendur því val um það. Námsmat hluti af símati.

**Orðbragð.** Horfðum á alla þættina úr annarri þáttaröð. sem voru mjög góður grunnur fyrir umræður og vöktu nemendur til umhugsunar um íslenskuna og gildi hennar.

**Yndislestur.** Yndislestur er í 15-20 mínútur í tveimur af fjórum klukkutímum á unglingsstigi á viku. Það má alltaf spyrja sig hvort þetta er of mikill tími á kostnað annars efnis. Miðað við veturinn í vetur tel ég svo ekki vera þar sem mér finnst nemendur hafa náð meiri einbeitingu en oft áður og halda betur út við lesturinn þó þeir lesi ekki endilega margar bækur en það er auðvitað mjög misjafnt milli nemenda.

Stefni næsta vetur á að láta nemendur í öllum árgöngum gera verkefni í ætt við kjörbókarfyrirlesturinn í 10. bekk, kannski ekki alveg eins viðamikið en þannig að þeir þurfi að standa skil á einhverju af því sem þeir lesa.



## Náttúrufræði

### 6. bekkur

#### Námsefni:

Líf á landi

Auðvitað – Sólar, tungl og stjörnur

Maðurinn – Hugur og heilsa

#### Námsmat:

Ég var ekki með námsmat þar sem ég gaf einkunnir fyrir. Ég var með stutt verkefni og fylgdist með skilningi og vinnuframlagi nemenda.

#### Kennslutilhögun:

Ég prófaði ýmsar lestraraðferðir, umræðutíma, myndbönd o.fl. til að sjá hvað virkar vel á miðstigi. Ég var mikið með stutt verkefni.

Aðalmarkmiðið hjá mér var að þróa jákvætt viðhorf til náttúrufræði og ég held að það hafi bara tekist ágætlega. Það var mjög skrytið að kenna á miðstigi í fyrsta sinn, en maður er reynslunni ríkari.

### 8. bekkur

#### Námsefni:

Lífheimurinn

Mynddiskar

Tæki og tól

Ýmislegt efni af netinu.

#### Námsmat:

- Veggsjald um sjúkdóma.
- Verkefni upp úr kvikmyndinni Contagion, sem fjallar um smitsjúkdóm sem dreifist um jörðina.
- Könnun úr efni um bakteríur, veirur, þörungur, frumdýr og sveppi.
- Hugtakakort um spendýr af eigin vali sem fjallað var um í heimildapætti.
- Skýrsla upp úr verklegri tilraun.
- Lokapróf upp úr efni um plöntur og dýr.

#### Kennslutilhögun:

Kennslan fór aðallega fram á fyrirlestraformi, myndbandaáhorfi og umræðum. Einnið notuðum við víðsjár til að skoða ýmislegt sem finnst úti í náttúrunni. Ég fékk gefins fiska frá Fiskeldinu Haukamýri sem nemendur krufu. Nemendur fóru út í góðri veðri með tól til þess að grafa upp lífverur, sem gekk mjög vel. Einnig gerði ég tilraunir með að nota tæknina í kennslunni. Ég bað nemendur um að koma með snjalltæki og hafði undirbúið verkefni á netinu þar sem nemendur para saman hugtök, líkt og er gert í sjónvarpsþættinum Útsvar á RÚV. Nemendur voru mjög hrifnir af þessu, og það er mikilvægt tel ég að halda svona vinnu áfram.

#### Hvað gekk vel og hvað ekki?



Ef lítið er framhjá því hversu hægt ég fór í efnið, þá gekk almennt vel. Það kemur samt ekki nægilega vel út að nota svona mikinn tíma í þessa líffræði, því þá hefur maður of lítinn tíma til þess að komast yfir allt annað efni næstu árin. Ég mun þynna þetta efni og breyta kennslunni næsta skólaár til að geta tekið allaveganna eina aðra grein náttúrufræðinnar í 8. bekk. Stjórnufræði eða erfðafræði þykja mér líklegir kostir.

Allt sem ég gerði annað en fyrirlestrar gekk í raun vel, og það er mikilvægt að auka þannig verkefni svo nemendur verði jákvæðari gagnvart náminu. Ég átti ekki búnað til þess að framkvæma bakteríutilraunina sem ég gerði árið áður, en við erum í leit að þeim búnaði sem þarf.

Námsmatið hefði mátt að vera aðeins meira og fjölbreyttara. Það sýnir samt ágætlega vinnubrögð og skilning nemenda.

## 9. bekkur

### Námsefni.

Efnisheimurinn.

Mannslíkaminn.

Ýmis efni, tæki og tól.

Ýmislegt efni af netinu.

### Námsmat:

- Upprifjunarhefti í efnafræði.
- Skýrsla upp úr efnafræðitilraun.
- Efnafræðikönnun upp úr köflum 1 og 2 í Efnisheiminum.
- Líkan og skýrslugerð um frumefni að eigin vali.
- Kynning um líffærakerfi.
- Lokapróf um mannslíkamann.

### Kennslutilhögun:

Ég reyndi að beita margvíslegum kennsluáferðum í efnafræði og líffræði mannslíkamans. Ég prófaði að lesa fyrir þau, láta þau lesa sjálf, láta þau lesa fyrir hvert annað og einnig tala bara við þau um námsefnið út frá glærum sem ég hafði útbúið. Við horfðum líka á myndbönd og skoðuðum ótal myndir. Það var svo misjafnt hvort ég lét þau glósa eða ekki. Það fór í raun eftir eðli efnisins. Við gerðum nokkrar sárafaldar tilraunir í efnafræðinni, eins og að skera epli niður í eins litla bita og mögulegt er (tenging í frumeind), ég rétti nemendum klaka og bað þau um að fylgjast með honum bráðna (hamskipti) og síðan létum við tepoka í bæði heitt og kalt vatn og skoðuðum hvað var að gerast. Einnig gerðum við eina stærri tilraun þar sem sem efnablandan mjólk var tekin í sundur.

### Hvað gekk vel og hvað ekki?

Það gekk ótrúlega vel í efnafræðinni og stór hluti nemenda var mjög áhugasamur og náði mjög góðum árangri. Margir nemendur hafa meira að segja beðið um að fá að fara í enn frekari efnafræði. Það kristallaðist kannski í því hversu vinsæl efnafræðin var þegar Háskólalestin kom hingað í skólann. Það virtist ekki skipta máli hvort ég var með bóklegt eða verklegt, nemendur stóðu sig flestir rosalega vel og voru áhugsamir.



Vegna þess hversu vel gekk í efnafræði fór töluverður tími í það, sem ég sé alls ekki eftir, og þ.a.l. var minni tími til þess að fara í mannlíkamann. Ég beitti þeirri tækni að byrja sjálfur með smá inngang, og skipti svo nemendum í hópa og þau útbjuggu fyrirlestra um helstu líffærakerfin sem þau svo fluttu fyrir samnemendur sína. Á meðan bjó ég til efni sem ég setti á netið, sem var aðgengilegt öllum, sem þau svo notuðu til að læra fyrir lokapróf. Ég hef fulla trú á að þetta hafi verið góð hugmynd. Margir nemendur gátu vel notað efnið á netinu, og ég held með tímanum sé þetta frábær leið fyrir nemendur til að læra.

Námsmatið sýndi vel kunnáttu og vinnubrögð nemenda, en hefði kannski mátt vera aðeins meira, líkt og í 8. bekk.

## 10. bekkur

### Námsefni:

- Kraftur og hreyfing.
- Maður og náttúra.
- CO<sub>2</sub>.
- Ýmis tól og tæki.
- Myndbönd og myndir.

### Námsmat:

- 2 skýrslur eftir verklegar eðlisfræðitilraunir.
- Eðlisfræðipróf.
- Vistfræðilíkan og hefti.
- Fyrirlestur um endurnýjanlegan orkugjafa.
- Lokapróf í vistfræði og umhverfisfræði.

### Kennslutilhögun:

Það gekk mjög vel í 10. bekk í vetur, sérstaklega eftir áramót. Eðlisfræðin reyndist nokkrum þung fyrir áramót, en margir náðu flottum árangri og sýndu góð vinnubrögð.

Eðlisfræðikennslan fór fram á fyrirlestraformi, með tilraunum og reikningsdæmum. Slök stærðfræðikunnátta margra hægði mjög á eðlisfræðikennslunni. Einfaldir hlutir eins og að færa yfir samasem merki vafðist fyrir nemendum, sem og að breyta á milli mælieininga. Í vistfræði byrjaði með fyrirlestrum og glósutímum og svo unnu nemendur stórt verkefni þar sem þau útbjuggu vistkerfi og skiluðu hefti sem innihélt upplýsingar um vistkerfið. Þetta verkefni gekk ótrúlega vel og verkefnin sem þau skiluðu voru frábær. Samviskusömu nemendurnir unnu mesta vinnuna, en þetta verkefni kveikti á mörgum nemendum sem yfirleitt eru óvirkir. Þeir höfðu gaman af því að búa til vistkerfið í höndunum. Í umhverfisfræðinni var svipuð uppsetning. Ég byrjaði með fyrirlestrum og svo tóku nemendur við og sömdu fyrirlestra um endurnýjanlega orkugjafa. Þessir fyrirlestrar voru virkikega góðir. Þessi verkefni eru komin til að vera. Ég finn leiðir til að bæta við þau á næsta skólaári. Í 10. bekk, var ég með allt efni aðgengilegt á netinu og það kom mjög vel út. Margir nemendur notfræðu sér það og ég var ítrekað spurður hvort efnið kæmi ekki örugglega á netið.

### Hvað gekk vel og hvað ekki?



Ég er mjög ánægður með kennsluna í 10. bekk í vetur. Nemendur voru að mestu leyti áhugasamir og unnu vel. Ég held það spili stóra rullu að þau hafi verið að útskrifast og vilji vera með góðar lokaeinkunnir. Eins og hjá hinum bekkjunum, þá mun ég hafa meira verklegt á næsta skólaári. Ég er með ýmislegt í huga sem ég ætla að framkvæma. Ég mun halda mig við meirihlutann af námsmatinu. Það eru samt námsþættir sem ég komst ekkert í með þessum árgang. Ég er að leita leiða til þess að koma öllu að, og reyna að ná sem flestum markmiðum aðalnámskrár. Það er annaðhvort að fara yfir minna efni í hverri grein, eða breyta kennsluháttunum. Ég ætla að vinna mikið með netið og eigin vefsíðu á næsta skólaári til að reyna að auka metnað og skilning nemenda.

## Stærðfræði

### 10. bekkur

10. bekknum var skipt í tvo hópa eftir getu og hæfni í frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum. Í getumeiri hópnum voru 20 nemendur (hópur 1) en 10 í hinum (hópur 2). Allir nemendur unnu út frá markmiðum 10. bekkjar nema fjórir nemendur sem voru með einstaklingsmiðaða námskrá. Reynt var að láta hópana fylgjast að varðandi efnisþætti og innlagnartímar voru sameiginlegir þar sem nemendur glósuðu.

Námsefni hópur 1: Almenn stærðfræði III, Átta – tíu, 5, Átta – tíu, 6, Auk ítarefnis á neti

Námsefni hópur 2: Almenn stærðfræði I, II og III.

Kennslutilhögun: Nemendur fengu afhenta vinnuáætlun með markmiðum og dagsetningum í upphafi hvers efnisþáttar/kafla. Nemendur í hópi 1 unnu svo sjálfstætt eftir áætluninni en nemendur í hópi tvö fengu meiri töflukennslu og stýringu frá kennara. Reynt var að hafa einn tíma í viku með einhverskonar uppbroti, verklegum æfingum, þrautalausnum, spilum o.fl. Áslaug Guðmundsdóttir kom inn í tvo tíma í viku sem aðstoðarkennari.

Námsmat: Nemendur tóku kannanir eða skiluðu heimidæmum við lok hvers efnisþáttar/kafla sem giltu 60% af lokaeinkunn og lokapróf að vori sem gilti 40%.

Hvað gekk vel og hvað ekki:

Hópaskiptingin hefur sína kosti og galla. Kostirnir eru þeir að í hópana raðast saman nemendur sem ráða við samskonar verkefni og vinnulag. Í þeim tímum sem aðstoðar naut við gekk hvað best og gott að geta stutt sérstaklega við þá nemendur sem voru með einstaklingsmiðaða námskrá. Ókosturinn er helst sá að nemendur í hópi tvö litu á skiptinguna sem einhvers konar stimpil, að þeir væru í tossabekk og lögðu sig ekki eins mikið fram þess vegna. Ennþá er yfirferð námsþátta dálítið einsleit þar sem að langmestu leyti er stuðst við námsbækur sem verkfæri og hentar ekki öllum. Fjölbreytni ætti að aukast með þeim tækifærum sem gefast með þráðlausu neti og spjaldtölvum og þar með mun betra aðgengi að rafrænu námsefni og úrlausnum.



## Heimilisfræði

### 2. bekkur :

Í vetur notuðum við bækurnar Heimilisfræði fyrir byrjendur, Gott og gaman og Hollt og gott 1. Í þessum bókum vinnum við verkefni sem eru undirstaða í heimilisfræði þ.e. bæði verklegt og bóklegt. Þetta var fjörugur og skemmtilegur hópur sem var vaxandi í allan vetur.

### 3. bekkur:

Við notuðum bækurnar Hollt og gott 2 og Ungafólkið og eldhússtörfín.

Við reyndum að byggja á þessum bókum og áherslu á hreinlæti, það gekk vel og skilar sér vonandi í framtíðinni. Veturinn gekk vel og voru hóparnir vel blandaðir og mátulega stórir þ.e. ca. 8-10 börn í hóp.

### 4. bekkur.

Bækurnar sem við notuðum í vetur voru Hollt og gott 3, Ungafólkið og eldhússtörfín og Stóra kökur og brauðbók Disney. Við unnum úr þessum bókum bæði verkleg og bókleg viðfangsefni.

### 5. bekkur

Í vetur voru aðallega notaðar Gott og gagnlegt 1 og meðfylgjandi vinnubók sem dekkja fjölbreyttar uppskriftir og bóklega vinnu þar sem áhersla er lögð á næringarefni ávaxta og grænmetis, umhverfisvernd og þvott.

### 6. bekkur.

Í 6. bekk notum við bækurnar Gott og gagnlegt 2 + vinnubók og Ungafólkið og eldhússtörfín. Áhersla var lögð á að minnka og stækka uppskriftir. Læra á algeng eldhúsáhöld, næringarefni í kjöti og fiski og hvað vítamínin gera fyrir okkur.

### 7. bekkur.

Í vetur notuðum við Gott og gagnlegt 3 + vinnubók og nokkrar af bókum Hagkaupa. Áhersla var á fæðuflokkana, orkuefni, meðferð og geymslu matvæla, örverur og virkni þeirra, kornvörur og krydd.

### 8. bekkur.

Áttunda bekk var skipt upp í fjóra hópa, 2 stráka hópa og 2 stelpu hópa sem er að gefast vel að mínu mati. Hver hópur var aðeins í 8 vikur hver sem er ansi lítið. Við elduðum kjöt, fisk og bökuðum bæði brauð og kökur. Síðan glugguðum við aðeins í bókina Matur og menning.

### Val – Heilbrigði og velferð.

Þetta er skemmtilegur áfnangi sem er vinsæll hjá krökkunum. Við lögðum áherslu á íslenska og holla matargerð. Fórum í kynnisferðir t.d. í Fiskeldið Haukaamýri, Sláturhús Norðlenska o.f.l Hlustuðum á fyrirlestra tengda viðfangsefninu, ögruðum okkur með heifingu í öllum veðrum og svo að ná slökun sem er ekki síður mikilvæg. Að lokum fórum við svo aftur í frábæra ferð upp á Þeistareyki þar sem við fórum í frábæra náttúruskoðun og



gönguferðir, krakkarnir elduðu svo við frumstæðar aðstæður og stóð hópurinn sig frábærlega, samheldinn og duglegur.

Námsmat.

Í þessum fögum notum við fyrst og fremst símat og mat á einstökum verkefnum.

Kennsluaðferðir. Sýnikennsla, hópavinna, einstaklingsverkefni.

### Smíðar

Öllum árgöngum var skipt í þrennt og hóparnir fóru í myndmennt, smíðar og textilmennt. Hver hópur fékk 2 x 60 mín á viku í hverri námsgrein, 13 vikur í senn. Kennt var samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla og reynt að ná þeim áfangamarkmiðum sem nemendur eiga að hafa náð í lok 4. bekkjar og í lok 7. bekkjar. Þessum markmiðum tel ég að allflestir hafi náð sem ekki eru með einhver þroskafrávik.

### Textilmennt

Öllum árgöngum var skipt í þrennt og hóparnir fóru í myndmennt, smíðar og textilmennt. Hver hópur fékk 2 x 60 mín á viku í hverri námsgrein, 13 vikur í senn. Kennt var samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla og reynt að ná þeim áfangamarkmiðum sem nemendur eiga að hafa náð í lok 4. bekkjar og í lok 7. bekkjar. Þessum markmiðum tel ég að allflestir hafi náð sem ekki eru með einhver þroskafrávik.

### Myndmennt

Öllum árgöngum var skipt í þrennt og hóparnir fóru í myndmennt, smíðar og textilmennt. Hver hópur fékk 2 x 60 mín á viku í hverri námsgrein, 13 vikur í senn. Kennt var samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla og reynt að ná þeim áfangamarkmiðum sem nemendur eiga að hafa náð í lok 4. bekkjar og í lok 7. bekkjar. Þessum markmiðum tel ég að allflestir hafi náð sem ekki eru með einhver þroskafrávik.

2.bekkur: Unnið var m.a. með grunnlitum og litablöndun út frá bókinni „Regnboginn“ eftir Ragnheiði Gestsdóttur. Nemendur gerðu skál og fugl úr jarðleir og unnu út frá eigin áhuga. Unnið var með tré- og tússliti, vatns- og þekjuliti, leikleir, jarðleir og glerung.

3.bekkur: Hlutföll og stækkun/minnkun voru þema 3.bekkjarkennslu og teiknuðu nemendur dýr sem voru stækkuð með myndvarpa. Nemendur teiknuðu eftir útlínum dýrsins á maskínupappír, máluðu með þekjulitum og klipptu út. Auk þess gerðu börnin skál og kött úr jarðleir og unnu út frá eigin hugmyndum. Unnið var með tré- og tússliti, vatns- og þekjuliti, leikleir, jarðleir og glerung.

4.bekkur: Vann hópaverkefnið „Draumaeyjur“ þar sem hver og einn teiknaði sína draumaeyju sem var svo tengt með brú við næsta eyju. Þar var margt frumlegt að sjá m.a. stjörnu- og dýraeyja. Annað verkefni var leirdýr. Nemendur teiknuðu dýr sem þau byrjuðu á að móta í leikleir og svo loks úr jarðleir. Unnin voru þrykkverkefni og börnin fengu að nota grafíkpressu. Unnið var með tré- og tússliti, vatns- og þekjuliti, leikleir, jarðleir og glerung.

5.bekkur: hver nemandi fékk að hanna mynd á rúðu í myndmenntastofu. Myndin var fyrst teiknuð á rúðustrikuð blöð og svo máluð með þekjulitum á gluggann. Unnin var leirmunur í kaðaltækni. Auk þess var unnið út frá eigin áhuga. Unnið var með tré- og tússliti, vatns- og þekjuliti, leikleir, jarðleir og glerjung.



6.bekkur: Nemendur glugguðu aðeins í þriviðarteikningu og unnu með ljós og skugga. Svo teiknuðu þau fjársjóðskort með bleki á trélitadán pappír. Nemendur unnu dúkristu eftir eigin hugmynd og gerðu mjög flott verkefni. Börnin gerðu svo eyju úr jarðleir í anda Expressionisma. Unnið var með tré- og tússliti, vatns- og þekjuliti, leikleir, jarðleir og glerjun og glerbrot.

Námsmat: Mat á frammistöðu í tímum, verkefni metin þegar þau voru fullunnin. Leiðsagnarmat í lok annar í Mentor og birt á fjölskylduvef.

## Íþróttir

### 1. – 7. bekkur

Ein 60 mín kennslustund á viku hjá 4.-7. og tveir 60 mín hjá 1.-3. bekk. Tveir íþróttakennarar í hverjum tíma sem er fyrir allan árganginn.

Skiptum oftast í stelpur og stráka, eins og sést á kennsluáætlunum. Tvö viðfangsefni í hverjum tíma sem er svo skipt yfir á hitt kynið í næstu viku. Einnig vorum við stundum með svokallað val, þar sem nemendur gátu um þrjú mismunandi verkefni. Tókum ca. 4 vikur frá því í enda febrúar til að æfa fyrir litlu ólympíuleikana. Þá æfði hver nemandi sig í því sem hann vildi fyrir keppnina.

Reynum að koma öllum þeim þáttum sem eru í aðalnámskrá inn í áætlun vetrarins. Notumst við æfingaforritið Sideline sem er miðlægur gagnagrunnur á netinu. Kemur sér mjög vel til að halda utan um skipulagningu tímaseðla, þarna liggja allir eldri tímaseðlar vetrarins.

Þetta skólaár vorum við með nýjung sem við kölluðum litlu ólympíuleikana og fólst í keppni nemenda í hinum ýmsu greinum. Nánar um það í skýrslu um þann viðburð.

Útiþróttir eru að vori og gekk það frekar illa vegna veðurs þetta árið. Reynum að nota þrjár síðustu vikurnar til að fara út.

**Námsmat** samanstendur af: **færni** mæld með prófum, niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í mentor og birt á fjölskylduvef. **Virgni, frumkvæði** og **vinnubrögð** auk **samskipta** bæði við samnemendur og kennara.

### 8. – 10. bekkur

Ein 60 mín kennslustund á viku. Tveir íþróttakennarar í hverjum tíma sem er fyrir allan árganginn.

Skiptum oftast í stelpur og stráka, eins og sést á kennsluáætlunum. Tvö viðfangsefni í hverjum tíma sem er svo skipt yfir á hitt kynið í næstu viku. Einnig vorum við stundum með svokallað val, þar sem nemendur gátu um þrjú mismunandi verkefni. Tókum ca. 4 vikur frá því í enda febrúar til að æfa fyrir litlu ólympíuleikana. Þá æfði hver nemandi sig í því sem hann vildi fyrir keppnina.

Reynum að koma öllum þeim þáttum sem eru í aðalnámskrá inn í áætlun vetrarins. Notumst við æfingaforritið Sideline sem er miðlægur gagnagrunnur á netinu. Kemur sér mjög vel til að halda utan um skipulagningu tímaseðla, þarna liggja allir eldri tímaseðlar vetrarins.

Þetta skólaár vorum við með nýjung sem við kölluðum litlu ólympíuleikana og fólst í keppni nemenda í hinum ýmsu greinum. Nánar um það í skýrslu um þann viðburð.

**Námsmat** samanstendur af: **færni** mæld með prófum, niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í mentor og birt á fjölskylduvef. **Virgni, frumkvæði** og **vinnubrögð** auk **samskipta** bæði við samnemendur og kennara.





## Sund

### 1. – 7. bekkur

Ein 60 mín kennslustund á viku. Einn til tveir íþróttakennarar í hverjum tíma sem er fyrir eina stofu í árgangi.

Skiptum oftast í stelpur og stráka, og kennum tækni öðrum megin og meira þol í hinum hluta laugarinnar. Tvö viðfangsefni í hverjum tíma sem er svo skipt yfir um miðjan tíma. Einnig vorum við stundum með hringekju, skiptum í þrjú svæði og höfðum ýmislegt á þeim. Allir nemendurnir fóru svo á öll svæðin.

Reynum að koma öllum þeim þáttum sem eru í aðalnámskrá inn í áætlun vetrarins. Tímaseðlar eru gerði í ritvinnslu í tölvunum. Höfum ekki nýtt Sideline forritið í það enn. Þar sem okkur finnst betra að skipuleggja með þessum hætti.

**Námsmat** samanstendur af: **færni** mæld með prófum, niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í mentor og birt á fjölskylduvef. **Virkni, frumkvæði og vinnubrögð** auk **samskipta** bæði við samnemendur og kennara.

### 8. – 10. bekkur

Ein 60 mín kennslustund á viku. Einn íþróttakennari í hverjum tíma sem er fyrir eina stofu í árgangi.

Skiptum oftast í stelpur og stráka, og kennum tækni öðrum megin og meira þol í hinum hluta laugarinnar. Tvö viðfangsefni í hverjum tíma sem er svo skipt yfir um miðjan tíma. Einnig vorum við stundum með hringekju, skiptum í þrjú svæði og höfðum ýmislegt á þeim. Allir nemendurnir fóru svo á öll svæðin.

Reynum að koma öllum þeim þáttum sem eru í aðalnámskrá inn í áætlun vetrarins. Tímaseðlar eru gerði í ritvinnslu í tölvunum. Höfum ekki nýtt Sideline forritið í það enn. Þar sem okkur finnst betra að skipuleggja með þessum hætti.

**Námsmat** samanstendur af: **færni** mæld með prófum, niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í mentor og birt á fjölskylduvef. **Virkni, frumkvæði og vinnubrögð** auk **samskipta** bæði við samnemendur og kennara.

## Val

Úr kynningarbæklingi valgreina

„Samkvæmt Aðalnámskrá eru valgreinar hluti af skyldunámi í 8., 9. og 10. bekk og eiga að svara til allt að fimmtungi námstímans. Nám í unglingadeildum skiptist í kjarnagreinar og valgreinar, hér eftir kallaðar smiðjur, samtals 37 kennslustundir á viku. Kjarnagreinar eru þær greinar sem allir nemendur taka þ.e. íslenska, stærðfræði, enska, danska, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, sund og íþróttir. Hluti af smiðjunum eru bundnar í töflu nemenda, þ.e.vinnustofur og nýsköpunarment. Athygli er vakin á því að sömu kröfur eru að sjálfsögðu gerðar til ástundunar í smiðjur eins og í kjarnagreinar. Nemendur geta fengið metna sem smiðju þátttöku sína í tónlistarskóla, skipulögðu íþróttastarfi, félagsstörfum og atvinnuþátttöku, klukkustund fyrir hvern þessara þátta. Það sem metið er getur ekki gengið á kjarnagreinar skólastarfs í árgangi viðkomandi nemanda. Til þess að hægt sé að halda uppi kennslu í smiðju þarf tiltekinn lágmarksfjöldi að velja hana. Þess vegna verða nemendur að velja smiðju til vara á valblaðinu sínu. Hún kemur til greina ef smiðja sem nemandi hefur valið



fellur niður sökum fámennis. Skólaárið skiptist niður á þrjár annir. Á hverri önn ber nemendum að vinna a.m.k. tvö skylduverkefni. Val nemenda er bindandi út hverja önn en við annaskil geta nemendur valið upp á nýtt. Nemendur geta valið sömu smiðju allar annirnar en sumar er ekki hægt að velja nema hafa tekið undanfara áður og nemendur sem ekki hafa verið í smiðju áður hafa forgang.“

### **Haustönn:**

<b>Valgrein</b>	<b>Fjöldi nemenda</b>
Handverk og hönnun miðvikudaga	25
Handverk og hönnun föstudaga	7
Heilbrigði og velferð	13
Sköpun – Tónlist og tækni 1	7
Sköpun – Tónlist og tækni 1 og 2	2
Einkatímar í tónlist metnir	8
Þátttaka í félagsstarfi metin	9
Þátttaka í Íþróttum metin	21
Atvinnuþátttaka metin	12

### **Miðönn:**

<b>Valgrein</b>	<b>Fjöldi nemenda</b>
Handverk og hönnun miðvikudaga	16
Handverk og hönnun föstudaga	6
Heilbrigði og velferð	12
Sköpun – Tónlist og tækni 1	7
Sköpun – Tónlist og tækni 1 og 2	2
Einkatímar í tónlist metnir	9
Þátttaka í félagsstarfi metin	9
Þátttaka í Íþróttum metin	27
Atvinnuþátttaka metin	8

### **Vorönn:**

<b>Valgrein</b>	<b>Fjöldi nemenda</b>
Handverk og hönnun miðvikudaga	11
Handverk og hönnun föstudaga	6
Heilbrigði og velferð	10
Sköpun – Tónlist og tækni 1	6
Sköpun – Tónlist og tækni 1 og 2	2
Einkatímar í tónlist metnir	9
Þátttaka í félagsstarfi metin	12
Þátttaka í Íþróttum metin	30
Atvinnuþátttaka metin	17



## Skýrsla deildarstjóra sérkennslu

Við skólann störfuðu í vetur þrír þroskaþjálfar, tveir iðjuþjálfar, einn sérkennari og sjö stuðningsfulltrúar. Þeir voru í misháum starfshlutföllum, samtals rúm 10 stöðugildi. Níu kennarar sinntu sérkennslu til uppfyllingar kennsluskyldu, samanlagt um 30 kennlustundir á viku eða rúmlega eitt stöðugildi. Deildarstjóri sérkennslu var í 26% starfi í sérkennslu.

Samsetning nemendahópsins kallar á fjölbreytta kennslu og þjálfun. Metnaður hefur verið lagður í að koma til móts við þarfir nemenda af fagmennsku, með fjölbreytni og samstarf að leiðarljósi. Greiningar og ráðgjöf sérfræðinga, skimanir ásamt faglegu mati kennara og annarra starfsmanna liggja til grundvallar aðlöguðum kennsluáætlunum. Fjöldi nemenda sem nutu stuðnings eða sérkennslu á einn eða annan hátt voru í vetur í kringum 63 eða um 21%. Misjafnar ástæður lágu þar að baki. Sum börn þurftu fullan stuðning á meðan önnur börn unnu eftir aðlöguðum áætlunum eða sérkennslu á stuttu námskeiði.

## Aðrar skýrslur

### Bókasafn

Skólasafnið var mikið notað af nemendum í vetur opið var í öllum frímínútum aðeins var lokað milli 12 og 12:30. Annars var opnunartími safnsins frá því um 8:00 til 13:50 nema föstudaga þá var opið til hádegis.

Starfsmaður á safni var Magnús, og Þóra kom þegar færi gafst og gerði við bækur. Yfirumsjón hafði Magnús og sá einnig um fjármál þ.e. kaup á bókum.

Útlán á skólaárinu í gegnum kerfi Gegnis voru **9843 bækur, tímarit og spil**

Ég tók þátt í hringekju í 5. bekk kom þá einn hópur til að vinna verkefni á safninu. Sú vinna var skipulögð af mér.

Helsta vinna á safninu er að sjálfsögðu útlán og samskipti við nemendur og kennara sem voru góð í alla staði. Yngsta stigið fékk bókakassa sem var svo endurnýjað í. Nemendur af unglíngastigi komu töluvert til að vinna í tölvum og láta prenta út fyrir sig verkefni. Síðan komu unglíngarnir mikið á safnið til að spjalla og slappa af sérstaklega ef þeir höfðu lokið verkefnum í stofum.

Önnur vinna sem ekki tengist nemendum beint var ýmis skipulagsvinna og skráningar. Tiltekt og koma upp ýmsum sýningum á borð framan við safnið.

**Afskráning:** afskráðar voru þó nokkrar bækur illa farnar, gamlar sem ekki höfðu farið í útlán í mörg ár og tímrit frá árinu 2012

Komið í skráningu á Bókasafn S-Þing **478** titlar bæði bækur sem voru á safninu óskráðar og nýjar bækur og tímarit.

Aðföng: keyptar voru um **150** bækur og áskrift tímarita. Tímarit sem safnið er áskrifandi að eru Lifandi Vísindi, og Júlía Við sögðum upp áskrift að Sagan Öll.

Gömlum kennslugögnum var komið fyrir í hillum á 2. hæð og aðrar smá breytingar og tilfærslur á bókum innan safnsins.

Magnús Magnússon



## Námsráðgjöf

Þjónusta námsráðgjafa við Borgarhólsskóla stendur öllum nemendum skólans og foreldrum þeirra til boða. Nemendur geta komið að eigin frumkvæði eða verið vísað af starfsmönnum skólans. Námsráðgjafi er málsvari og trúnaðarmaður nemenda og er bundinn þagnarskyldu um málefni þeirra, að undanskyldum ákvæðum í lögum um barnavernd nr. 80/2002.

Hlutverk námsráðgjafans er að standa vörð um velferð allra nemenda, styðja þá og liðsinna þeim í málum er snerta nám, líðan og framtíðaráform. Áherslan er alltaf á einstaklinginn/nemandann og beinist að því að auka þekkingu hans á sjálfum sér, viðhorfum sínum, áhuga og hæfileikum þannig að honum líði sem best í skólanum og nái að tileinka sér árangursríkar námsvenjur.

Heimsóknir nemenda, foreldra og kennara til námsráðgjafa voru samtals 526 veturinn 2014-2015 auk tölvusamskipta og símtala sem hafa aukist ár frá ári.

Verkefni vetrarins voru margvísleg og er hér aðeins stiklað á því helsta. Að venju fór námsráðgjafi í heimsókn í bekki og kynnti nemendum starfssvið sitt og áherslur í starfi. Námstækniyningar/kennsla og upprifjun á henni eru fastir liðir á haustin hjá eldri nemendum þar sem farið er í lestrartækni, glósugerð, minnistækni, skipulags og markmiðssetningar ásamt fræðslu vegna prófundirbúnings, próflesturs og skipulags er nær dregur prófum.

Nemendur 10. bekkjar fá fræðslu á framhaldsskólakerfinu, framhaldsskólum og framhaldsnámi. Skólaheimsóknir eru fastir liðir og fengu nemendur heimboð í FSH, VMA og MA í vetur. Auk þess fengu þeir ýtarlegt einstaklingsviðtal þar sem farið var yfir stöðu hans í námi og áherslur lagðar varðandi ákvarðanatöku og framhaldsnám. Nemendur fengu einnig fræðslu og aðstoð við innritun í framhaldsskóla. Nemendum var boðið að taka áhugasviðskönnunina Bendil og túlkun hennar til þess að finna hvar helstu áhugasvið þeirra lægju til aðstoðar við ákvarðanatöku og námsval.

Aðkoma námsráðgjafa inn í bekki getur verið misjöfn milli ára, en fer einnig eftir þörfum og óskum kennara hverju sinni og þeim aðsæðum sem skapast. Í vetur var námsráðgjafi með nokkur verkefni þar sem kenndar voru aðferðir til að efla félagsfærni, styrkja sjálfsmynd og samskipti nemenda í mismunandi bekkjardeildum. Unnið var með mikilvægi góðrar sjálfsmyndar, vináttu, fyrirmyndir og áhrif þeirra, hrós, framkomu við náungann ásamt því að vinna með sjálfsþekkingu sína, styrkleika og veikleika. Verkefni voru í formi fyrirlestra frá námsráðgjafa, verkefna sem nemendur unnu sjálfstætt og umræðna innan hópsins.

Stór hluti starfsins fer í að aðstoða nemendur við persónuleg vandamál sem raska námi þeirra og valda þeim vanlíðan. Viðtölin eru af margvíslegum toga s.s. vegna námsörðugleika, námstækni og tímaskipulagningar, prófkvíða, námsvals, samræmdra prófa, upplýsinga um framhaldsnám og ráðgjafar vegna sérþarfa eins og lestra og eða skrifarörðugleika. Viðtöl vegna persónulegra vandkvæða eins og kvíða, sorgar, samskiptaörðugleika, þunglyndis, svefnleysis, einbeitingarskorts, neikvæðrar samskiptahátta á samskiptamiðlum og hegðunarátt bekk svo fátt eitt sé nefnt. Þar er áherslan á að hjálpa nemendum að leita lausna í átt að óskastöðu, oftar en ekki með samvinnu og aðstoð kennara og foreldra.

Einstaklingsráðgjöfin getur oft á tíðum verið tímafrek en mörg mál eru þess eðlis að nemendur þurfa að hitta námsráðgjafann reglulega á ákveðnu tímabili til að ná tókum á málinu og finna viðeigandi úrræði. Sérstaklega á þetta við nemendur sem leita til námsráðgjafa vegna



persónulegra erfiðleika, sérþarfa og námstækni, því langan tíma tekur að breyta venjum, viðhorfum og atferli.

Námsráðgjafi situr í nemendaverndarráði, áfallaráði og eineltisteymi skólans. Hann sér um utanumhald á tengslakönnunum ásamt umsjónarkennurum og fylgir þeim eftir inn í nemendaverndarráð/eineltisteymi skólans. Hann aðstoðar kennara við úrlausn mála og leiðbeinir þeim eftir því sem við á.

Anna Harðardóttir

### Heilsugæsla

Hjúkrunarfræðingar voru farnir í verkfall þegar þessi vinna fór fram og því vantar allar upplýsingar um heimsóknir og vinnu skólahjúkrunarfræðingsins.

### Mötuneyti

Mötuneyti tók til starfa 5.janúar 2014 fram að þeim tíma voru nemendur með tvöfalt nesti. Starfsmenn í mötuneyti eru 4 í 2,80 hlutfalli. Tveir skipta með sér matráðstöðunni, einn aðstoðarmaður í eldhúsi og einn í uppvaski. Mikil og almenn ánægja er með aðstöðu og matinn. Verð var 481 króna líkt og í fyrravetur. Nemendur snæða í þremur hópum og hafa val um það hvort þeir fari út að mat loknum.

Yngsta stig 11.20-11.50.

Miðstig 11.50-12.20.

Unglingastig 12.20-12.50

Nemendur FSH geta keypt áskrift kr. 800 máltíðin og mæta í mat klukkan 12.30 og skarast við unglíngana sem er afar jákvætt.

Rekstur mötuneytisins má sjá í öðrum skjölum en hann er jákvæður.

## Þróunarverkefni

### Teymiskennsla vor 2015

Í vetur hefur verið unnið leynt og ljóst að innleiðingu teymiskennslu með samkennslu fyrir næsta skólaár. Endanleg ákvörðun var tekin í mars og fórum allir vordagar í flutninga og hugmyndafræðilega samræðu. Það sem af er hefur innleiðing falist í:

- ★ samræðu
- ★ tenglar á ritgerðir sendir á kennara
- ★ samantekt af efni um teymiskennslu sent á kennara
- ★ kynning frá Dalvíkurskóla á innleiðingarferli þeirra
- ★ tækifæri skapað til að heimsækja Naustaskóla
- ★ kynning frá Ragnari Þór Péturssyni um teymiskennslu og nýtingu tækninnar
- ★ ½ námskeiðsdagur með Þórhildi Þorleifsdóttur um teymiskennslu.

### Áhugasviðsverkefni

Þetta verkefni varð til 2011 og höfum við reynt að efla það og þróa síðan. Verkefnið hefur vakið mikla athygli sér í lagi á unglíngastigi og verið kynnt víða. Síðasta ár hefur áhersla verið á að efla nýsköpunarþáttinn og styðja við framgang á miðstigi.



## Byrjendalæsi

Borgarhólsskóli hefur verið í þróunarverkefninu Byrjendalæsi frá árinu 2010. Vorið 2012 lauk helmingur kennara á yngsta stigi tveggja ára þróunarvinnu í BL. En hinn helmingur kennara á yngsta stig færast yfir á seinna ár í þróunarverkefninu/náminu.

Árið 2014 – 2015 starfa allir kennarar á yngsta stigi samkvæmt aðferðum BL. sem ganga, í fáum orðum, út á að;

- Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir sem unnið er með á heildstæðan hátt.
- Unnið er með merkingarbær viðfangsefni sem byggja á gæðatexta.
- Byggir á markvissri samvinnu og samskiptum nemenda í námi.
- Einstaklingsmiðun í kennslu, stigskiptur stuðningur við nám.
- Markviss kennsla aðferða sem styður við lesskilning og fjölbreytta ritun.
- Nám án aðgreiningar, einstaklingsþörfum mætt innan nemendahópsins.

Það er stefna Borgarhólsskóla að unnið sé eftir aðferðum Byrjendalæsis á yngsta stigi.

Að viðhalda BL. eftir að aðhaldi og leiðsögn frá Háskólanum á Akureyri sleppir.

1. Stefna skóla er skýr í þeim málum að allir kenna samkvæmt aðferðum BL.
2. Fagfundir mánaðarlega allt skólaárið.
3. Kennurum ber að skila a.m.k. tveimur kennsluáætlunum á önn til leiðtoga.
4. Leiðtogi kemur í eina „opinbera“ heimsókn á önn.
5. Ein smiðja á önn fyrir BL. kennara.
6. Eitt verkefni tekið fyrir á önn og unnið í sameiningu s.s. matsþættir, mism. lestrarstefnur og aðferðir, ritunarþættir, skapandi vinnubrögð, að vekja og viðhalda áhugahvöt nemenda og kennara, að virkja foreldra, heimalestur, samvinna fagkennara og umsjónarkennara og fl.
7. Kynning á BL. (skemmtilegum verkefnum t.d.) á fyrsta og síðasta starfsmannafundi hvert ár.

## Heilsueflandi skóli

Í heilsueflandi skólum fer fram skólastarf í anda heilsueflingar þar sem markvisst er unnið að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda og starfsfólks. Sjá nánar um verkefnið á heimasíðu landlæknis <http://www2.lydheilsustod.is>.

## Jákvæður agi

Innleiðing á uppeldisstefnunni Jákvæður agi hefur formlega staðið yfir í tvö og hálf ár. Innleiðing gengur vel og gaman frá því að segja að við höfum fengið ábendingar um að þetta starf sé þegar farið að skila sér. Gera má ráð fyrir að innleiðing sem þessi taki 5-7 ár.

## Yndislestur

Nú höfum síðustu þrjá vetur haft yndislestur í öllum bekkjum á hverjum degi. Það hefur gefist ágætlega en mikil umræða spratt upp í vor um breytingar á því.

## Sameiginlegir atburðadagar

**Skólabyrjun:** Skólastarf hófst með stuttri samveru í Íþróttahöllinni kl.17.00 mánudaginn 25.ágúst. Eftir ræðu skólastjóra fóru nemendur með umsjónarkennurum til stofu og fengu þar upplýsingar fyrir veturinn s.s. stundskrá, innkaupalista og fleira. Fyrsti skóladagurinn var daginn eftir og voru þá eingöngu foreldraviðtöl þar sem farið var yfir leiðsagnarmat vorsins, væntingar og markmið til vetrarins.



**Salur:** Allir bekkir sjá um dagskrá á sal einu sinni á skólaárinu. Lögð er mikil vinna í undirbúning og stendur skemmtunin yfir í 30 mínútur. Umsjónarkennarar bekkja sjá um að undirbúa nemendur og aðstoða þá við salaruppákomur.

Markmið með samkomum á sal eru að:

- örva samkennd og efla sjálfsvitund
- glæða skapandi hugsun og fræðast
- styrkja siðvit og gleðjast saman

Markmiðunum ætlum við að ná með því að:

- undirbúa nemendur sem sýna á sal og gefa öllum tækifæri til þátttöku
- þjálfa nemendur í að hlusta og virða þá sem koma fram
- sýna almenna háttvísi og syngja saman
- láta gesti finna að þeir eru velkomnir

## Göngudagurinn

Húsavík – Æðarfossar meðfram ströndinni – Saltvíkurmegin til baka til Húsavíkur

### Verkefni

- Nemendur skipta sér í hópa innan stofunnar, 3-5 saman í hóp
- (Starfsfólk sem gengur með er einn hópur)
- Taka eina hópmynd áður en lagt er af stað
- Taka myndir af þremur mismunandi blómum á leiðinni og tveimur ólíkum stráum
- Taka þrjár ólíkar myndir af fossinum, með og án fólks!
- Taka mynd af kennara / starfsfólki og a.m.k. einum hópmeðlim
- Taka mynd af einum – þremur fuglum
- Taka eina mynd af Kinnarfjöllunum
- Taka eina eða fleiri myndir af einhverju sem ykkur finnst flott eða áhugavert
- Taka eina mynd af hesti við Saltvík
- Taka listræna mynd af Orkuveituhúsinu, Sorpsamlaginu eða Reinarrhúsinu
- Taka eina mynd af kartöflugeymslunum rétt við Húsavík
- Taka tvær listrænar myndir að auki
- **Taka má myndir á myndavél / síma eða taka myndband af þessu öllu hér að ofan**

### Úrvinnsla

- Finna tegundaheiti fuglsins sem myndin var tekin af
- Finna tegundaheiti blómanna og stráanna sem myndirnar voru teknar af
- Búa til kynningu á ykkar ferð – hvernig upplifði hópurinn ferðina? Daginn?
- Kynning má vera á power point formi, sem myndband eða hvað sem ykkur dettur í hug.
- Hámarkstími á kynningu 5 mínútur
- Það þarf að sýna allar myndirnar sem getið er um hér að ofan
- Í kynningunni þurfa allir hópmeðlimir að segja frá sinni ferð, segja frá því sem er á myndunum.
- Munið að æfa kynninguna og hver ætlar að segja hvað



**Jól í skókassa:** Síðustu fimm ár hefur Borgarhólsskóli tekið þátt í verkefninu jól í skókassa. Haustið 2011 var verkefnið Jól í skókassa framkvæmt í áttunda sinn í samstarfi við KFUM og KFUK á Íslandi. Skókössunum er dreift til fátækra barna í Úkraínu.

Markmið með þátttöku í jól í skókassa eru:

- efla samkennd – umburðarlyndi og samúð
- efla skilning barna og fullorðinna á kjörum annarra
- láta gott af sé leiða og gleyma ekki þeim sem minna mega sín

**Verkstæðisdagur:** Frá örófi alda hefur ríkt sú skemmtilega hefð í Borgarhólsskóla að hafa verkstæðisdag fyrir jólin. Í ár var engin breyting þar á og dagurinn var hátíðlegur að vanda. Tíundi bekkur hélt opnu kaffihúsi í salnum þar sem hægt var að kaupa kakó/kaffi og með því. Þau seldu einnig heimagerðan brjóstsýkur. Tónlistaratriði voru í höndum nemenda og kennara Tónlistarskólans. Verkstæðisdagurinn hófst kl. 8.15 og var til 12.00. Það var ekki hefðbundin kennsla þennan dag.

Um mismunandi föndurverkefni var að ræða í hverri kennslustofu. Við leitumst við að vera umhverfisvæn og hugmyndaþrik svo efniviðurinn í fönðrinu var að mestu endurnýtanlegur s.s. mjólkurfurnur, glerkrukkur, dagblöð, morgunkornspakkar, könglar, greinar, textílefni og fl.

Markmið með verkstæðisdegi:

- efla sköpunarhæfni og sköpunargleði
- styrkja tengsl heimilis og skóla.

**Litlu jólin:** Litlu jólin voru í þrennu lagi seinnipart dags 19. desember eftir hefðbundinn kennsludag. Dagskrá hófst klukkan 16 og stóð til 20. Á litlu jólnum byrja nemendur inni í skólastofu hjá umsjónarkennara þar sem lesin er jólasaga, spjallað og spilað. Síðan fara nemendur í salinn og dansa í kring um jólatré. Jólasveinarnir úr Dimmuborgum heimsóttu okkur við mikinn fögnuð.

**Þema:** Ekki var tekið sameiginlegt þema þvert yfir öll skólastig í vetur. Stigin eru þó dugleg að hafa þema. Miðstig tók t.d fjölmenningsþema og flæðivika var hjá unglíngunum þar sem blöndun er mjög mikil.

Markmið með þemaverkefnum:

- Brjóta upp hefðbundna kennslu .
- Auka fjölbreytni í skólastarfinu.
- Blanda nemendum, á milli stiga eða innan stiga.
- Efla skapandi vinnubrögð.

### Útivistardagur 2014

Stuðningsfulltrúar voru með sínum börnum

Dagurinn gekk vel fyrir sig og nemendur og starfsfólk ánægðir með daginn. Allir enduðu skóladaginn eftir hádegismatinn.





## Litlu Olympíuleikarnir

### Skólalok Borgarhólsskóla 2015

Skólalok fóru fram í tvennu lagi föstudaginn 5. júní. Annars vegar í Íþróttahöllinni fyrir 1.-9. bekk kl. 17 og hins vegar á sal fyrir 10. bekk kl. 18.

**Skólaslit 1. – 9. bekkjar:** Starfsmenn sátu á stólum út í sal en nemendur sátu með forráðamönnum sínum upp í stúku. Skólastjóri hóf dagskrána með ræðu og gerði hlé á máli sínu fyrir upplestraratriði Elfu Mjallar, nemenda í 7. bekk. Skólastjóri lauk svo máli sínu og kallaði því næst tvo bekki í einu niður á gólf til að taka við frammistöðumati úr höndum umsjónarkennara.

**Útskrift 10. bekkjar:** Starfsfólk og nemendur sátu á stólum sitthvoru megin í salnum og foreldrar í stúku. Nemendur í stafrófsröð, allur árgangurinn sem ein heild. Veitt voru verðlaun fyrir eftirfarandi: Úr Benediktssjóði fyrir framúrskarandi námsárangur (Hrund Óskarsdóttir), verðlaun fyrir framfarir í félagsfærni og framfarir í samskiptum (Einar Annel Jónasson) og dönskuverðlaun frá danska sendiráðinu (Hrund Óskarsdóttir). Ingólfur bakaði og boðið var upp á kaffi og djús. Á dagskrá var ræða skólastjóra, ræða nemenda, stutt ávarp umsjónarkennara og tónlistaratriði nemenda. Auk þess flutti móðir Einars Annels þakkarræðu til bekkjarsystkina Einars. Sett var upp tölva og myndasýningu með myndum af skólagöngu nemenda varpað á tjald. Var þetta látið rúlla á meðan fólk gerði veitingunum skil.

### Vor námsmat

Allir nemendur 1.-9. bekkjar fengu afhent námsmat ásamt fleiru. Námsmatið skal varðveita og er það grunnur að fyrsta samtali nemenda, foreldra og kennara á komandi hausti. Það skal nýtt til að skoða hver staðan var áður en farið var í sumarfrí. Ávallt skal hafa í huga að skólaganga er samfelld en ekki 10 aðskilin ár.

## Samstarf skólans við aðrar stofnanir

### Grænuvellir

Leik – og grunnskóli vinna markvisst saman með það að leiðarljósi að brúa bilið á milli leik- og grunnskóla. Unnið er eftur verkáætlun sem felst í heimsóknum á báða bóga tvisvar sinnum yfir skólaárið. Vorskóli 5 ára barna var 14.-16. maí frá 13.30 – 15.00. Umsjón með vorskólanum var í höndum komandi teymis Helgu S. Gunnarsd umsjónarkennara og Helgu B.Pálmad umsjónarkennara sem og Irisi Waitz iðjuþjálfara.

### Tónlistarskóli Húsavíkur

Samstarf Tónlistarskóla Húsavíkur og Borgarhólsskóla, áður Barnaskóla Húsavíkur á sér sögu allt frá árinu 1972, þegar Tónlistarskólinn fluttist inn í húsnaði í eigu Barnaskólans. Í kjölfar þess að skólarnir störfuðu undir sama þaki var farið af stað með verkefni þar sem nemendur



barnaskólans vor teknir út úr tímum. Í kjölfar þess jókst aðsókn að tónlistarnámi verulega. Ljóst varð að ekki var mögulegt að veita öllum þeim nemendum þjónustu sem eftir því leituðu nema eitthvað nýtt kæmi til í skipulagi tónlistarnáms. Til þess að bregðast við aukinni eftirspurn var farið af stað með verkefnið Hljóðfæranám fyrir alla 1992 í samstarfi Tónlistarskólans, Leikskólans og Barnaskólans.

Markmiðið með verkefninu *Hljóðfæranám fyrir alla* var að koma á markvissu tónlistaruppeldi fyrir aldurshópinn 3-9 ára með samvinnu um og samræmdri tónlistarkennslu í leikskóla, tónlistarskóla og grunnskóla.

Verkefnið fólst í því að:

- Vinna að gerð sameiginlegrar námskrár í tónlistarfræðslu fyrir aldurskeiðið 3-9 ára.
- Próa og afla þekkingar í viðkomandi stofnunum á kennsluaðferðum sem gerðu það mögulegt að bjóða heilum bekkjardeildum uppá hljóðfæranám sem hluta af samfelldri stundaskrá.
- Nota og próa samþætt kennsluefni í tónlistar forskóla, tónmenntarkennslu og hljóðfæranámi.

Segja má að settum markmiðum hafi verið náð. Námskrá var unnin í samræmi við fyrirliggjandi námskrá grunnskólans og þau gögn sem til voru á þeim tíma um faglegt starf leikskóla og tónlistarskóla. Aðalnámsskrá tónlistarskóla leit ekki dagsins ljós fyrr en árið 2000. Helsta áskorunin í verkefninu hefur verið að stuðla að þróun faglegs starfs og hópkenntu í tónlist. Fjölmörg námskeið voru haldin fyrir tónlistarkennara og leikskólakennara. Unnið var sameiginlegt kennslu efni byggt á þeirri tónlist sem notuð var til kennslu í leikskólanum og tónmenntakennslu grunnskólans. Vandað var til við gerð kennsluefnisins en reynslan af því hefur verið mjög góð og er það ennþá í notkun hér á Húsavík og víðar á landinu.

### **Skipulag samstarfsverkefna**

Hópkenntu er forsenda þess að hægt sé að veita öllum börnum tónlistarkennslu.

#### **1. bekkur**

Öll 6 ára börn fá 60 mín. kennslu á viku hálfur bekkur í senn. Kennt er námsefni samið af Hólmfríði Benediktsdóttur tónlistarkennara.

#### **2. bekkur**

Í öðrum bekk er kennt á blokkflautu tvisvar 30 mín á viku, 4-6 börn í hóp. Kennsluefnið fyrir blokkfautu og í tónfræði hefur verið samið af kennurum skólans sérstaklega fyrir verkefnið og bækurnar búnar til í tónlistarskólanum. Nemendurnir koma allir fram á tónleikum og taka próf í tónfræði. Til viðbótar hefur verið tónmenntakennsla einu sinni í viku.

*Í öðrum bekk læra nemendur allan hefðbundinn grunn í tónlistarnámi. Lögð er áhersla á að nemendur æfi sig heima og að framvinda nemenda geti verið mjög breytileg án þess að það valdi vandræðum innan hópsins sem heild. Námsefnið er með fjöl radda útsetningar sem gefur færi á að nemendur geti verið að takast á við mis erfíð verkefni. Nemendur koma fram á tónleikum skólans í það minnsta tvisvar yfir skólaárið.*

#### **3. bekkur**

Í þriðja bekk fá börnin kennslu á hljóðfæri að eigin vali tvisvar 30 mín á viku, 2-4 saman í hóp. Við kennsluna er mikið notað kennsluefni sem samið hefur verið í tengslum við verkefnið.



Börnin koma fram á tónleikum hvert og eitt eða saman í hóp og taka tónfræði próf að vori. Tónmenntakennsla kemur þessu til viðbótar.

*Markmiðið með þessu verkefni er að öllum börnum gefist tækifæri til að læra á hljóðfæri að eigin vali. Þau læra nótalestur og hljóta þjálfun í að koma fram á tónleikum jafnframt því að hlusta á flutning annarra. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er góð. Það virðist sem öll börn á þessum aldri hafi áhuga á að prófa að læra á hljóðfæri. Með þessu verkefni er einnig verið að yfirstíga ýmsar félagslegar hindranir varðandi aðgengi að tónlistarnámi auk þess tryggt er meira jafnræði gagnvart skattgreiðendum þar sem tónlistarnámið verður ekki einungis fyrir takmarkaðan hóp nemenda.*

#### **4. og 5. bekkur**

Í fjórða og fimmta bekk er kennd afrikutónlist- djembe, dans og marimba tvisar 60 mín á viku heil bekkjardeild í einu. Öll kennsla fer fram eftir eyranu. Tónlistin sem er upprunnin í sunnan verðri Afríkur byggir mikið á þrástefjum sem byggja upp rytmísk spennu með notkun á pólrítmík. Hljóðfærin eru díatónísk og hljómagrunnurinn er að mestu grunnhljómar í I, IV og V sæti. Hljóðfærin eru stór og gefa nemendum möguleika á að þroska bæði gróf og fínhyfingar. Nemendur koma fram á tónleikum á vegum tónlistarskólans.

*Reynslan hefur sýnt að hljóðfærin og tónlistin gefa mjög mikið svigrúm fyrir mismunandi getustig nemenda innan sama hóps. Þannig geta allir verið virkir í samspili þar sem flutt er grípandi tónlist. Nemendur hafa ekki möguleika á að æfa sig heima en þar sem nemendur fá tvo tíma í viku er mögulegt að halda samfelli í náminu og byggja upp færni sem er forsenda þess að áhugi nemenda haldist. Þetta nám uppfyllir kröfur um markmið í tónmenntanámi samkvæmt námskrá grunnskólans jafnframt að vera mjög góður grunnur og stuðnings nám fyrir annað tónlistarnám.*

#### **9. og 10. bekkur**

Nemendum í unglingadeildum gefst kostur á að velja tónlist sem hluta af vali grunnskólans. Tónlistarval í hóptímum er nemendum að kostnaðarlausu. Nemendur sem kjósa að nýta sér einstaklings nám í tónlist sem hluta af vali verða að greiða sín skólagjöld sjálfir.

### **Náttúrufræðistofa Norðausturlands**

Í tengslum við skólaferðalag 7. bekkjar leituðum við til Náttúrufræðistofu Norðausturlands um fræðslu. Forsvarsmenn Náttúrufræðistofu tóku vel í beiðnina og Aðalsteinn sérfræðingur frá þeim skipulagði og hélt utan um fræðsluverkefni varðandi fuglalífið við Mývatn. Verkefnið var unnið á og við Fuglasafn Sigurgeirs í Mývatnssveit og nemendur frá Borgarhólsskóla og Reykjahlíðarskóla.



## Grunnskólinn á Raufarhöfn

Í tengslum við þróunarverkefnið *Að færa út landamæri getu sinnar og þekkingar* fór 6. bekkur í Borgarhólsskóla í rúmlega sólarhringsferð á Raufarhöfn þar sem nemendur frá Grunnskólanum á Raufarhöfn og Borgarhólsskóla voru saman við leik og störf.

## Reykjahlíðarskóli

Í tengslum við þróunarverkefnið *Að færa út landamæri getu sinnar og þekkingar* fer 7. bekkur í Borgarhólsskóla í tveggja sólarhringa ferðalag upp í Mývatnssveit. Borgarhólsskóli skipulagði dagskrá og fræðslu, ásamt Náttúrustofu. Reykjahlíðarskóli lagði til húsnæði og fæði fyrir alla á meðan á dvölinni stóð. Nemendur heimsóttu fuglasafn Sigurgeirs og fóru í baðlónin m.a.

## Náttúruskólinn/Hvalasafnið

Samvinna vegna Hvalaskólans sem er nám fyrir 2. og 5. bekk. Vel hefur gengið að forma námið í 2 og 5. bekk.

## Aðrir samstarfsaðilar

- ~ Framhaldsskólinn á Húsavík
- ~ Frístundaheimilið Tún
- ~ Skólalagningarsvið Norðurþings
- ~ Lögreglan
- ~ Fræðslunefnd Norðurþings
- ~ Félagsmiðstöðin Tún
- ~ Norðursigling – haustsiglingar.

## Húsnæði, skólalóð og búnaður

Eldhús var byggt við skólann og tekið í notkun 5 janúar 2014. Þá var inngönguleið í Salinn breytt og gömlu búningsherbergin og sturturnar sem voru geymslur teknar og þannig opnuð bein leið til Salarins. Borgarhólsskóli er í góðu húsnæði sem þó þarfnast orðið verulegs viðhalds þess fyrir utan en ekkert viðhald var á þessu skólaári. Þá er skólalóð orðin niðurníð og þarfnast umönnunar.

Það er orðið afar brýnt að huga að málum upplýsingatækninnar og almennum tækjabúnaði til kennslu. Þá þarf einnig að endurnýja öll húsgögn skólans og byrjað var á því í vetur þegar keypt voru húsgögn fyrir 1. bekk og eina stofu á unglingsstigi, að auki 30 stólar. Vonandi heldur sú endurnýjun áfram að ári.



## Viðhalds og framkvæmdalisti

### Viðhald innanhúss:

1. Kvennasnyrtingar í gamla hlutanum. Skipta um gólfefni og mála. Endurnýja klósett, það mætti fækka þeim um allt að helming og hafa þá rýmra pláss á hverri snyrtingu. Einnig mætti endurnýja klósettin á karlasnyrtingunni.
2. Námsver er allt eins og það leggur sig komið á tíma en sérstaklega snyrtingarnar. Það væri betra að gera eina aðgengilegri snyrtingu í stað þessarar tveggja sem fyrir eru, þar sem hægt væri að fylgja fötluðum börnum á snyrtinguna. Ganga þarf frá öllum tengingum fyrir tölvur sem eru ófullnægjandi í öllum stofum í námsveri nema einni. Í námsveri þarf einnig að taka niður eldhúsinnréttingu í stofu 4 og fjarlægja það sem henni tilheyrir svo sem ónýta uppþvottavél, eldavél og vask svo hægt sé að nýta stofuna betur sem kennslurými.
3. Smíðastofa. Snyrtingin þar inni er ekki boðleg.
4. Andyri að vestan. Endurnýja skóhillur, mjög óhentugt er að þurrka úr skóhillunum sem fyrir eru, auk þess eru þær óþarflega margar. Útihurðin er einnig komin á tíma. Best væri ef byggt væri fordyri (settur upp veggur innan við skóhillurnar) sem gengið væri úr inn á holið til þess að minnka kuldatrekkinn sem gengur inn um allt hús inn um andyrið. Setja þyrfti upp nýja útihurð(rennihurð) þessi er ekki músheld.
5. Mála ganga niðri hjá heimilisfræðistofunni og alla ganga á þeirri hæð auk útgönguleiðar þar og stigaganga.
6. Þvottahús. Taka til og mála. Bæta vinnuaðstöðu þar, endurnýja skolvask, þarf að vera hærra á veggnum.
7. Heimilisfræðistofa. Mála gluggana. Vatnskassi á klósettinu er stundum tómur.
8. Andyri að austan. Bekkir við gluggana. Þegar viðurinn í bekkjunum blotnar kemur mjög vond lykt. Laga þyrfti útidyrhurðina, helmingur hennar er ónýtur (setja upp rennihurð.)
9. Ljúka við að skipta um gólfefni og vaska í stofum í gamla hluta skólans
10. Kaupa þarf nýja ræstivagna
11. Fara yfir öll opnanleg fög og endurnýja stormjárn
12. Fara yfir alla ofna í húsinu.
13. Fara yfir læsingar á skápum kennara í stofum
14. Setja upp fatahengi undir stigum í andyri að vestan
15. Laga þarf handrið sem liggur niður að smíða- og handverksstofum
16. Laga þarf fatahengi á nokkrum stöðum í skólanum(gifsveggir)

### Viðhald utandyra

#### Austan:

1. Yfirfara leiktæki (rólur, klifurgrind o.fl.) Bera á við og lagfæra það sem komið er á tíma.
2. Það vantar hjólagrindur fyrir 90 – 110 hjól.
3. Bera á grindverk og annan við.
4. Laga eða skipta um net í öllum sex fótoltamörkum.
5. Fjarlægja vírnet aftan við mörkin á malbikaða vellinum.
6. Laga körfuboltakörfur á malbikaða vellinum.
7. Niðurfall á gangstétt við sparkvellina er stíflað .
8. Fylla þarf upp í holur sem myndast meðfram gangstétt hjá sparkvöllum.



- Hellur meðfram húsinu lausar, ekki nóg að raða þeim, þarf að festa þær. Hellur hafa færst úr stað og losnað við bílastæði að norðan.
- Klippa og snyrta tré og runna. Fara þyrfti í að fjarlægja trjástofna og huga að fjarlægingu á Öspum austan við skólann. Koma þarf beðunum í umhirðu. Sennilega þarf að skipta flestum gróðrinum út fyrir nýjan eða gera aðrar ráðstafanir.

#### **Vestan:**

- Yfirfara rólu og fleira á leiksvæði. Bera á við og lagfæra það sem komið er á tíma.
- Lagfæra körfuboltakörfu.
- Stóra blómakarið. Hugmynd: Fjarlægja öll tré, steypa plan og reisa grindur eða veggir þar sem væri hægt að hafa körfuboltakörfu eða eitthvað annað sniðugt leiksvæði.
- Gera varanlegar ráðstafanir vegna mengunar frá frárennsli mótuneytis.
- Skóða mætti að setja einhverja vörn á glugga í myndmenntastofu oft sem að gluggar brotna þar.
- Endurnýja þarf girðingu á lóðarmörkum. Eins er það samkv. lögum að girða þarf skólalóðina af.
- Hurð í og við karlasnyrtinguna þarf þyrfti að leggja hana af og nýta þetta horn í eitthvað annað en ekki neitt. Læsingin á hurðinni er ónýt.

#### **Framkvæmdir og/eða fjárfestingar**

- Hefja endurnýjun nemendahúsgagna.
- Screen gardínur í allar kennslustofur.
- Setja upp skápa fyrir nemendur á unglíngastigi í andyri að vestan. Gæti komið samhliða því að útbúa fordyri (sjá lið 4 í viðhald innanhúss).
- Lagfæra andyri beggja vegna.
- Girðing á skólalóð á lóðarmörkum.

## Áfangaskýrsla



## Mat á skólastarfi



## Markmið

Við lögðum af stað með yfirmarkmiðið að bæta námsárangur. Að því hefur verið unnið t.d. með markvissari yfirferð niðurstaðna úr skimunum, samræmdum prófum og tillögur gerðar að úrbótum. Þá fengum við upprifjun á Byrjendalæsinu og námskeið í Byrjendastærðfræði sem mikil ánægja var með. Hafist var handa við að vinna markvissa Læsisstefnu.

## Umbótaáætlun

Hér á eftir fer umbótaáætlun skólans frá 2013 til vors 2016. Búið er að rauðlita það sem ekki er komið til framkvæmda. Undirstrikuð eru verkefni sem unnið var að í vetur og unnið verður með áfram næsta skólaár.

### Foreldrasamstarf

- ~ Fræðslufundir verði settir á með foreldrum að hausti og á miðönn.
- ~ **Stjórnendur bjóði í morgunkaffi.**
- ~ Halda Mentor skráningum betur að starfsfólki.
- ~ Bæta tilkynningar á heimasíðu.
- ~ **Senda stjórn foreldrafélagsins tölvupóst einu sinni í mánuði með upplýsingum um skólastarfið almennt.**

### Samstarf

- ~ Vinna verkáætlun fyrir heimsóknir og skipulag tengsla milli 1. bekkjar og verðandi 1. bekkjar í samvinnu við Grænuvelli.
- ~ Ná frekara samstarfi við skólana og tómastundafélög í Norðurþingi við gerð skóladagatala.
- ~ Vinna að breytingum vegna mötuneytis.
- ~ Endurskoða Tónlistarverkefnið og ná betur utan um það
- ~ Virkja betur samráð og samstarf við TH.

### Innra starf

#### Nemendur

- ~ Auka fjölbreytni í kennsluháttum.
- ~ Skýra ramma í tengslum við umgengni og aga.
- ~ Vinna með nemendum að byggja upp jákvæða sjálfsmynd í tengslum við agabrot.
- ~ Skoða heimanám og tilgang þess.
- ~ **Gera heildræna forvarnaráætlun.**

#### Stjórnun

- ~ Gera viðmið um vinnutíma og áherslur í skólastarfi skv. kjarasamningum skýr og sýnileg milli kennara og stjórnenda.
- ~ Gera vinnumat fyrir alla kennara skv. nýjum kjarasamningi.
- ~ Gera verklýsingar og ramma varðandi verkefni og viðburði í skólastarfinu.
- ~ Gera verkaskiptingu milli stjórnenda skýrari.

#### Skólareglur

- ~ Endurskoða reglur og viðurlög er varða ástundun.
- ~ Skoða skólareglur með það í huga að gera þær jákvæðari og skýrari.





- ~ Einfalda viðurlög og gera verkferla vegna agabrota skýra.

### Skólaþróun

- ~ Kynnast markmiðum Jákvæðs aga og hefja innleiðingarstarf.
- ~ Afmarka og gera skýra verkefnaferla í ýmsu varðandi skólastarfið.
- ~ Halda áfram vinnu að stefnumótun í lestri/læsi fyrir allan skólann með því að nýta Byrjendalæsi og Orð af orði.
- ~ Halda áfram stefnumótun vegna lífsleikni fyrir allan skólann. Hófst haust 2009.
- ~ Gera jafnréttisstefnu.
- ~ Móttaka nýrra nemenda.
- ~ Klára vinnu við markmið og kennslu í íslensku.
- ~ Hefja vinnu við markmið og kennsluhætti í stærðfræði.
- ~ Halda áfram vinnu vegna fjölbreytts námsmats og nýtingu leiðsagnarmats í Mentor.
- ~ **Próa stefnu í umhverfismálum.**
- ~ Hefja innleiðingu Heilsueflandi skóla.
- ~ Halda áfram þróunarvinnu vegna nýsköpunar í skólastarfi.

### Stoðþjónusta- Skóli án aðgreiningar

- ~ Próa teymi kennara, sérkennara og stuðningsfulltrúa fyrir hvert stig eða árgang.
- ~ Próa og innleiða teymisstarf vegna Adhd barna.
- ~ Koma betur til móts við þarfir barna með ADHD og bæta þar með líðan, námsárangur og félagslega þátttöku.
- ~ Auka upplýsingaflæði milli heimilis og skóla og byggja þar með upp traust og jákvæð samskipti milli kennara og foreldra nemenda með ADHD.

### Sjálfsmat

- ~ Vinna verkáætlun og tímaás varðandi sjálfsmat og sjálfsmatsaðferðir
- ~ Vinna lokaskýrslu um sjálfsmat
- ~ **Læra á Gæðagreina og nýta þá markvisst í sjálfsmatinu.**

### Fjármál

- ~ Að rekstur sé í samræmi við fjárhagsáætlun

### Starfsmenn

- ~ Starfmannasamtöl verði 1 til 2 á ári. Annað verði í tengslum við kjarasamning og óskir næsta vetur, hitt tengt starfsþróun og sjálfsmati.
- ~ Skapa starfsmönnum skilyrði til endurmenntunar.

### Endurmenntun

- ~ **Skyndihjálp**
- ~ Nýsköpunarmennt
- ~ Lestur fagbóka
- ~ Byrjendalæsi
- ~ Skólaheimsóknir
- ~ Notkun Mentor
- ~ Námsmat/kennsluhættir í stærðfræði
- ~ Jákvæður agi, námskeið erlendis
- ~ námskeið um teymiskennslu
- ~ fyrirlestur um teymiskennslu



~ skólaheimsóknir vegna innleiðingar teymiskennslu.

### Starfandi teymishópar

- ~ Jákvæður agi
- ~ Heilsueflandi grunnskóli
- ~ Skólaráð
- ~ Nemendaverndarráð
- ~ Nemendateymi

### Gæðagreinar

Við framkvæmd sjálfsmats Borgarhólsskóla er stuðst við matskerfið *Gæðagreinar 2* sem hefur verið þýtt og lagað að íslenskum aðstæðum af Skólaskrifstofu Skagfirðinga. Matskerfið rekur uppruna sinn til Skotlands og nefnist þar „How Good is Our School?“ Það felur í sér 9 helstu þætti skólastarfs og eru allir þættirnir metnir amk. einu sinni á ákv. tímabili.

Þættirnir níu eru:

- Heildarárangur
- Áhrif á nemendur
- Áhrif foreldra
- Áhrif á starfsfólk og samfélagið
- Menntun
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Starfsmannastjórnun
- Samvinna og aðbúnaður
- Forysta

Með matinu reynum við að svara þremur megin spurningum:

- 1. Hvernig stöndum við okkur?
- 2. Hvernig vitum við það?
- 3. Hvað gerum við næst?

Frekari upplýsingar um sjálfsmatskerfið *Gæðagreina* er að finna á slóðinni

<http://skolar.skagafjordur.is/gaedagreinar/efni.html>

Matsþættir í Borgarhólsskóla

Ár	Matsþættir
2010-2011	5. Menntun 5.2 – Kennsla sem leiðir til árangursríks náms og 5.5 Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri. 5.4 og 5.9
2011-2012	1.Heildarárangur-2,3,4 Áhrif-
2012-2013	9.Forysta-6.stefnumótun-7.starfsmannastjórnun-8 samvinna og búnaður
2013-2014	5. Menntun
2014-2015	1.Heildarárangur-2,3,4 Áhrif-



2015- 2016	9.Forysta-6.stefnumótun-7.starfsmannastjórnun-8 búnaður	Samvinna	og

Við eigum niðurstöður úr fyrsta þættinum en vinnan við greinana hefur tekið mun lengri tíma en við áætluðum.



### **Starfsmannasamtöl**

Starfsmannasamtöl voru framkvæmd á vorönn. Skólastjórnendur tóku öll viðtölin og skiptu þeim á milli sín. Útbúin voru viðtalsblöð og þau send á starfsfólk svo allir hefðu tækifæri á að undirbúa samtalið og velta fyrir sér hvað þeir vildi ræða sérstaklega. Ekki er lokið við samtölin við skólaliða en ákveðið var að bíða með þau til haustsins.

### **Samræmd próf**

Niðurstöðum samræmdrar prófa er safnað saman í excel skjal til að sjá þróun milli ára og árganga. Það nýtist skólanum við gerð umbótaáætlana til að bæta námið.

### **Skólapúlsinn**

Foreldra og nemendakönnun var lögð fyrir.

Þátttaka í könnunni var góð eða um 80%.

Niðurstöður könnunarinnar eru jákvæðar fyrir skólann og gefa vísbendingar um að foreldrar séu almennt ánægðir með skólastarfið í heild sinni.

Þótt niðurstöður könnunarinnar séu að miklu leyti jákvæðar fyrir skólann þá er mikilvægt að halda áfram að bæta starfið. Við þurfum að halda áfram að vinna gegn einelti. Einnig þurfum við að kynna betur fyrir foreldrum hvaða tækifæri þeir hafa til að hafa áhrif á stefnu og starf skólans. Nauðsynlegt er að nota jákvæðar niðurstöður könnunarinnar sem meðbyr og hvatningu til þess að gera betur.

Nemendakönnun var lögð fyrir í þrennu lagi. Heildarfjöldi nemenda í 6.-10. bekk 149. Úrtaksmánuðir skólans voru: september, janúar, maí. Könnunin fer fram rafrænt og er framkvæmd í skólanum.

Niðurstöður eru mjög ítarlegar og verður hægt að nálgast á heimasíðu skólans í haust 2015.



## Viðaukar

Það verður að segjast eins og er að okkur hefur ekki gengið sem skyldi að vinna með Gæðagreinanna. Hér getur að líta vinnuþagg sem hugsanlega kemur að einhverju leyti í stað Gæðagreina, það mál er í skoðun. Þetta vinnuþagg gerði skólastjóri Þórgunnur R Vigfúsdóttir.

## Skorkort

Markmið	Mæling	Viðmið	Aðgerðir
<ul style="list-style-type: none"> <li>Að Borgarhólsskóli sé talinn góður skóli af foreldrum.</li> </ul>	Könnun meðal foreldra	Að 90% foreldra segi svo vera.	Endurskoðun námskrár miði að metnaðarfullum markmiðum
<ul style="list-style-type: none"> <li>Að tryggja nemendum góða menntun sem veitt er af virðingu og metnaði</li> </ul>	Könnun meðal foreldra og nemenda.	Að 90% foreldra og nemenda telji svo.	Kennsluhættir og námsefni endurskoðað
<ul style="list-style-type: none"> <li>Að stuðla að virku upplýsingaflæði milli heimilis og skóla</li> </ul>	Könnun meðal foreldra	Að 90% foreldra telji að samstarf sé gott og 40% telji að áhrif sín hafi aukist.	Útgáfa fréttabréfa, notkun Mentors, vikuáætlanir, efling heimasíðu.
<ul style="list-style-type: none"> <li>Að bjóða upp á víðtæka þjónustu við foreldra og nemendur</li> </ul>	Mötuneyti, skólavistun, námsaðstoð, samfelldur skóladagur. Ánægja mæld í könnunum.	Að framangreindir þættir séu til staðar og ánægja sé með veitta þjónustu.	Skoða fyrirkomulag þjónustu.
<ul style="list-style-type: none"> <li>Skólanámskrá uppfylli kröfur laga og sé í endurskoðun</li> </ul>	Skólanámskrá á	Námskrá nái viðmiðum gátlista	Endurskoðun gagna
<ul style="list-style-type: none"> <li>Þátttaka foreldra sé</li> </ul>	Könnun meðal	75% foreldra	



víðtæk og aukist.	foreldra og starfsfólks	telji að þátttaka þeirri hafi aukist	
<ul style="list-style-type: none"> <li>Að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar</li> </ul>	Könnun meðal foreldra, nemenda og kennara	85% telji að kennsluhættir séu fjölbreyttar	Endurmenntun endurskoðuð, aukin umfjöllun um nám og kennslu innan skólans. Þróunarverkefni .
<ul style="list-style-type: none"> <li>Að kenna nemendum að virða umhverfi og náunga og að þau beri ábyrgð á gerðum sínum</li> </ul>	Könnun meðal starfsmanna, gögn skólans	90% kennara telji að vel takist til og skráð tilvik vegna fjarvista, seint og umgengni minnki um 30%	Endurskoðun á lífsleiknikennslu, <b>þjálfun vegna bekkjarfunda</b> og sýn skólans.
<ul style="list-style-type: none"> <li>Að gera nem. sjálfstæða í námi og starfi.</li> </ul>	Könnun meðal kennara og gögn skólans	70% kennara telja að vel takist til	Þróun á áætlanagerð nemenda og einstaklingsmiðun.
<ul style="list-style-type: none"> <li>Að verklagsreglur séu aðgengilegar og í stöðugri endurskoðun.</li> </ul>	Könnun meðal starfsmanna	Að 90% starfsmanna telji svo vera.	Markviss endurskoðun
<ul style="list-style-type: none"> <li>Að aðstaða og búnaður sé ávallt eins og best verður á kosið.</li> </ul>	Könnun meðal starfsfólks, foreldra og nemenda	75% telji að aðstaða sé framúrskarandi	Skoða kröfur nútímans, á höndum sveitarfélagsins.
<ul style="list-style-type: none"> <li>Að öllum nemendum líði vel innan veggja skólans.</li> </ul>	Skólapúlsinn og tengslakannanir í bekkjum.	90% nemenda svari að svo sé.	Þróa vinabekkja. Skoða fyrirkomulag bekkjarfunda og efla kennara í þeim.



<ul style="list-style-type: none"> <li>Að fjölbreytt námsmat sé ástundað og nýting ferilmappa</li> </ul>	Starfsmanna samtöl Bekkarnámskrá Könnun foreldra og nemenda	Að 90% telji svo vera.	Endurmenntun, aðhald frá stjórnendum.
<ul style="list-style-type: none"> <li>Að námsárangur á samræmdum prófum sé fyrir ofan meðallag.</li> </ul>	Samræmd próf	Lesið úr einkunnum.	Breytingar á kennsluháttum?
Að rekstur sé í samræmi við fjárhagsáætlun hvers árs og ávallt sem hagkvæmastur	Fjárhagsáætlun skólans	Samræmi skal vera á milli áætlunar og niðurstöðu hennar.	Aðhalds gætt í rekstri.
Að hafa vel menntaða starfsmenn	Tölur úr gögnum skólans	90% verði fagmenntaðir	Fagmenntaðir ráðnir
Að starfsmenn hafi aðgang að endurmenntun við hæfi.	Könnun meðal starfsmanna	90% telji að svo sé	Í samræmi við endurmenntunar áætlun
Að stöðugleiki sé á starfsmanna haldi	Gögn skólans	90% starfsmanna haldi áfram	Skoða innra skipulag
Að starfsmenn taki þátt í að móta stefnu skólans	Könnun meðal starfsmanna	90% telji að svo sé	Alm þátttaka í stefnumótunarvinnu
Að starfsmenn	Könnun meðal	100% segi svo	Unnið að viðhaldi góðs



	séu ánægðir og þeim líði vel í vinnunni	starfsmanna	vera	starfsanda
	Að starfsmenn séu meðvitaðir um hlutverk sitt og ábyrgð	Könnun meðal starfsmanna	90% telji línur skýrar.	Unnar ítarlegri verklýsingar og verkaskipting.





## Mælikvarðar

	Markmið	M a r k	s t a ð a	M a r k	s t a ð a	M a r k	s t a ð a
<b>P j ó n u s t a</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hlutfall ánægðra foreldra með skóla barna sinna.</li> <li>• Hlutfall ánægðra nemenda</li> <li>• Hlutfall for. sem telja að barni þeirra líði vel í skólanum</li> <li>• Hlutfall fo. sem telja að þörfum barna þeirra sé mætt</li> <li>• Hlutfall foreldra sem telur upplýsingafl æði í góðu lagi</li> <li>• Hlutfall foreldra sem telja samstarf skóla heimilis gott.</li> </ul>						
	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skólanámskr á er í sífældri endurskoðun</li> <li>• Hlutfall starfsmanna sem telja skólann vera í þróun.</li> </ul>						



<p style="text-align: center;">I n n r a  s t a r f</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hlutfall foreldra sem telja skólann vera í þróun.</li> <li>• Hlutfall foreldra sem telja að áhrif þeirra hafi aukist.</li> <li>• Hlutfall fo. sem telur Að þátttaka þeirra hafi aukist.</li> <li>• Hlutfall foreldra sem telur að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar.</li> <li>• Hlutfall starfsmanna sem telur að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar.</li> <li>• Hlutfall nemenda (eldri) sem telur að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar.</li> <li>• Sjálfsmatsáætlun er fyrir hendi</li> <li>• Eineltisáætlun er fyrir hendi</li> <li>• Forvarnaráætlanir eru til staðar</li> <li>• Starfsmanna handbók er til</li> <li>• Starfsmenn sem telja handbókina gagnlega</li> <li>• Foreldrar sem telja</li> </ul>						
---	--	--	--	--	--	--	--



	<p>heimasíðu gagnlega</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hlutfall starfsmanna sem telja aðbúnað framúrskara ndi</li> <li>• Hlutfall foreldra sem telja að námsmat sé við hæfi og fjölbreytt.</li> <li>• Hlutfall starfsfólks sem telur námsmat fjölbreytt og við hæfi.</li> </ul>						
<b>F j á r m á l</b>	Niðurstaða í rekstri						
<b>S t a r f s f ó l k</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Hlutfall fagmenntaðra</li> <li>• Hlutfall starfsmanna sem telja endurmennt un við sitt hæfi og næga.</li> <li>• Hlutfall sem hætta</li> <li>• Hlutfall ánægðra starfsmanna.</li> <li>• Hlutfall starfsmanna sem telja sig taka þátt í mótun starfs og stefnu.</li> <li>• Hlutfall starfsmanna sem telur</li> </ul>						



línur skýrar varðandi hlutverk, skyldur og ábyrgð.							
--	--	--	--	--	--	--	--